

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Miðvikudagur 9. maí 2007 – 19. tölublað – 3. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

Sparisjóðirnir
Í sjöunda
himni



STEINABÚÐ SOLLUBÚÐ ÓMABÚÐ NONNABÚÐ GALLIABÚÐ GEIRABÚÐ
Í aðdraganda alþingiskosninga
Formenn flokkanna hlutgerðir

NBA
Rekstrarlög málin
gilda ekki alltaf



6

8-9

13



ARNI PÉTUR JÓNSSON, FORSTJÓRI
Hagnaður Teymis á fyrsta fjórðungi ársins var yfir spám greiningardeilda bankanna.

Afkoma Teymis er yfir spám

Hagnaður Teymis nam 1,6 milljörðum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins.

Um er að ræða birtingu uppgjors annars ársfjórðungs fyrirtækisins eftir skiptingu Dagsbrúnar í tvö félög, 365 sem tók yfir fjölmiðla-hlutann og svo Teymi sem tók yfir fjarskiptahluta, upplýsingatækni og aðra starfsemi.

Afkoman er nokkru yfir spám greiningardeilda viðskiptabankanna sem gerðu ráð fyrir allt frá einum til tæplega 1,5 milljarða króna hagnaði á tímabilinu.

Rekstrarhagnaður fyrirtækisins (EBITDA) fyrir afskriftir og gjöld, nam 785 milljónum króna en hagnaður fyrir vexti og skatta (EBIT) nam 382 milljónum króna.

Teymi seldi eignarhlut sinn í Securitas á fjórðungnum en söluhagnaður nam 535 milljónum króna.

- jab

FRÉTTIR VIKUNNAR

Sextíu milljarðar | Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors, átti 85 prósent hlut í búlgarska símafélaginu BTC sem gengið var frá sölu á í síðustu viku. Söluhagnaður Novators nam 55 til 60 milljörðum króna.

Óheimilt samstarf | FME skorar á FL Group og tengda aðila í Glitni að sækja um heimild fyrir auknum virkum eignahlut. Um 45 prósent hlutafjár eru í höndum FL og tengdra aðila. FL Group er ósam-mála FME.

Ágæt starfslok | Bjarni Ármannsson hagnaðist um 564 milljónir króna þegar Glitniir keypti eigin hlutabréf af félögum hans, Landsýn og Sjávarsýn, sama dag og hann lét af störfum sem forstjóri Glitnis.

Ekkert Merck | Actavis hefur dregið sig út úr slagnum um samheitalyfjahluta þýska lyfjafyrirtækisins Merck. Vænt söluverð var hærra en stjórnendur töldu skynsamlegt. Lyfjafyrirtækin Teva og Merck standa eftir.



Gott uppgjör | Landsbankinn hagnaðist um 13.760 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi. Arðsemi eigin fjár var 45,2 prósent. Uppgjörið var vel yfir meðaltals-spá bankanna upp á 11.215 milljónir króna.

Össur tapar | Össur skilaði 2,7 milljóna Bandaríkjadala tapi á fyrsta fjórðungi þessa árs. Það jafngildir um 184 milljónum króna. Á sama tímabili í fyrra nam hagnaðurinn 571 þúsund dala.

Frönsk kaup | Bakkavör Group hefur keypt franska salatframleiðandann 4G sem sérhæfir sig í framleiðslu á ferskum tilbúnum salötum fyrir franskan markað. Kaupverð fyrirtækisins var ekki gefið upp.

Fyrstu vetnistilraunirnar á sjó að hefjast

Íslensk NýOrka setur vetnisljósavél í hvalaskoðunarbátinn Eldingu á næsta ári. Tilraunaverkefni með notkun vetnisstrætisvagna ruddi brautina, segir framkvæmdastjórinn.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Íslensk NýOrka vinnur nú að undirbúningi þess að setja vetnisljósavél í hvalaskoðunarbátinn Eldingu við Reykjavíkurböfn og gera tilraunir með hana á hafi úti á sjómanna-daginn á næsta ári. Heildarkostnaður nemur um 40 milljónum króna. Hönnunin er að öllu leyti íslensk að því undanskildu að efnarafallinn er keyptur erlendis frá. Að verkefninu kemur fjöldi innlendra fyrirtækja auk nemenda við Listaháskólann en þeir hanna sýningarrými í Eldinguna. Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri NýOrku, telur þetta vera í fyrsta sinn í veröldinni sem gerðar hafi verið tilraunir með efnarafal á sjó.

Vetnisljósavélin er næsta skref NýOrku á sviði vetnisvéla í samgöngutækjum og segir Jón að velheppnað tilraunaverkefni NýOrku með notkun vetnisstrætisvagna í Reykjavík síðastliðin þrjú ár hafi rutt brautina fyrir því að fleiri aðilar koma til samstarfsins nú en áður. „Þetta hefði ekki hvarflað að mörgum áður,“ segir hann.

Nokkrum vandkvæðum er bundið að setja vetnisvél um borð í báta og segir Jón að til öryggis hafi verið ákveðið að byrja á að nota vetni í ljósavél Eldingarinnar. „Efnarafalar eru viðkvæmir fyrir seltu og sjávarumhverfi,“ segir hann en það getur truflað rafkerfið.

Jón segir að talsverðar fyrirspurnir hafi borist um nýtingu vetnisvéla frá ferðabátageiranum auk þess sem erlendir fjölmiðlar, svo sem sjónvarpsstöðin Discovery, hafi sýnt verkefninu áhuga. „Menn sjá fyrir sér að nota umhverfisvæna orku í stað olíu í báta, ekki síst við hvalaskoðun. Við slíka skoðun er siglt út á aðalvél skipsins en drepjið á henni þegar komið er á hvalaslóðir. „Þá tekur ljósavélin við. Með efnarafalum verður hvorki mengun út frá vélinni né titringur frá bátnum, sem verður hljóðlaus,“ segir Jón. „Við teljum að við séum þarna að fara mjög ótroðnar slóðir og gerum ráð fyrir að þekking á þessu geti orðið mjög verðmæt vara í framtíðinni. Upplýsingar sem koma úr verkefninu verða hvergi annars staðar til en hér,“ segir Jón.

Meirihlutinn situr við sinn keip

Síðasta viðskiptagengi Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum var 70 prósentum fyrir ofan yfirtökutilboð. Pattstaða kann að vera komin upp.

Hópur Eyjamanna, sem á meirihluta hlutafjár í Vinnslustöðinni, birtir í dag opinbert yfirtökutilboð í félagið þar sem boðnar eru 4,6 krónur fyrir hvern hlut. Hópurinn, sem samanstendur af Haraldi og Kristínu Gíslabörnum og Sigurgeiri Brynjari Kristgeirssyni, forstjóra félagsins, hyggst sitja við sinn keip, jafnvel þótt að síðasta viðskiptagengi Vinnslustöðvarinnar hafi verið 8,3 krónur á hlut. Gengið 8,3 er sjötíu prósent yfir tilbodsverði að teknu tilliti til þrjátíu prósentu arðgreiðslu fyrir síðasta ár.

Eins og komið hefur fram í Markaðnum eru hluthafar í Vinnslustöðinni ekki á eitt sáttir um verðmæti „síðasta móhikanans“, eins

og síðasta útgerðarfélagið á Aðallista Kauphallar hefur verið kallað. Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims, sem fer fyrir ríflega þrjátíu prósentu hlutafjár í Vinnslustöðinni, hefur lýst því að yfirtökutilboðið sé of lágt. Landsbankinn keypti mikið magn af bréfum í gær en talið er líklegt að Guðmundur standi á bak við þau viðskipti.

Samkvæmt heimildum Markaðarins er talið ólíklegt að samkomulag náist með stærstu hluthöfum Vinnslustöðvarinnar að svo stöddu.

Meirihluti hluthafa óskar jafnframt eftir því við stjórn Kauphallarinnar að Vinnslustöðin verði afskráð úr Kauphöll sam-

hliða yfirtökutilboði. Vætanlega verður félagið afskráð úr Kauphöll miðað við óbreytta stöðu. Ætla má að smáir hluthafar selji bréf sín áfram ef núverandi kjör bjóðast og gæti því eignarhaldið í félaginu þrengst enn meira.

Greiningardeildir Glitnis og Kaupþings meta markgengið í Vinnslustöðinni til tólf mánaða á 4,7-4,8 krónur en markaðsvirðið er að allra mati hærra ef aflaheimildir yrðu seldar. Vinnslustöðin hagnaðist um 765 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi sem var mikill viðsnúningur þegar félagið tapaði 213 milljónum króna. Hlutabréf í Vinnslustöðinni hafa sýnt mesta hækkun skráðra félaga á árinu, eða um 84 prósentu ávöxtun. - eþa

Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining

www.trackwell.com

120 1886-2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 14,1%*

GBP 5,7%*

USD 6,2%*

EUR 4,1%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru rekin af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluáðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, visast til útbóðslysingar og útdráttar úr útbóðslysingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. apríl – 30. apríl 2007.

GENGISÞRÓUN

	Vika	Frá áramótum
365	3%	-26%
Actavis	1%	23%
Alfesca	1%	-5%
Atlantic Petroleum	17%	52%
Atorca Group	1%	5%
Bakkavör	1%	9%
FL Group	1%	15%
Glitnir	2%	16%
Hf. Eimskipafélagið	2%	8%
Kaupþing	-1%	27%
Landsbankinn	3%	34%
Marel	2%	-1%
Mosaic Fashions	6%	12%
Straumur	3%	18%
Össur	-6%	1%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Kjör bankanna batna

Skuldatryggingarálag (CDS) íslensku bankanna hefur lækkað töluvert á undanförunum vikum. Frá áramótum hefur það lækkað um 7 til 17,5 punkta.

Í gær var álag Landsbankans 22,7 stig, Glitnis 27,5 stig og Kaupþings 31 stig. Nálágast þau sömu gildi og þau voru lægst í október árið 2005, áður en óstöðugleiki og umræðuvandi herjaði á íslenskt fjármálakerfi.

Hermann Þórisson, sérfræðingur á Greiningardeild Landsbankans, segir að skuldatryggingarálagið sé einn besti mælikvarðinn á þau markaðskjör

sem bankarnir standa frammi fyrir á alþjóðamörkuðum. Álagið mæli hvað kostar fyrir fjárfesta að kaupa tryggingu gegn því að útgefandi viðkomandi skuldabréfs geti ekki staðið við skuldbindingar sínar.

Skuldatryggingarálag Glitnis hækkaði snarpt þegar tilkynnt var um nýja stjórn og forstjóra hjá bankanum. Það gekk fljótlega til baka en er þó rúmum þremur punktum hærra en það var fyrir stjórnarskiptin. „Til skamms tíma virðist vera að fjárfestar meti stöðuna svo að áhættan sé meiri og þeir vilji meiri



NÝR OG FRÁFARANDI FORSTJÓRI GLITNIS Skuldatryggingarálag Glitnis hækkaði snarpt þegar tilkynnt var um nýja stjórn og forstjóra hjá bankanum.

ávöxtun,“ segir Hermann. „Það kom því ekki á óvart að álagið á Glitni skyldi hækka.“ - hhs

EMI kann að verða selt

Gengi bréfa í breska útgáfufélaginu EMI hækkaði um 10 prósent skömmu eftir opnun hlutabréfamárkada í Bretlandi á föstudag eftir að félagið greindi frá því að það ætti í viðræðum um sölu á félaginu. Ekkert hefur verið gefið upp um hverjir hafi hug á að kaupa EMI.

Fyrirtækið hefur glímt við rekstrarvanda og sendi frá sér tvær neikvæðar afkomuviðvaranir á árinu auk þess sem ákveðið var að greiða hluthöfum ekki arð. Munu þeir vera langþreyttir á slöku gengi fyrirtækisins. - jab

Alcoa býður í Alcan

Bandaríski álrisinn Alcoa ætlar í fjandsamlega yfirtöku á kanadíska álfyrirtækimu Alcan, sem meðal annars rekur álverið í Straumsvík. Óformlegt yfirtökutilboð hljóðar upp á 33 milljarða bandaríkjadali, rétt tæpa 2.100 milljarða íslenskra króna.

Alcoa metur bréf í Alcan á 73,25 dali á hlut, sem er 20 prósentum yfir lokagengi bréfanna í lok síðustu viku. Gengi bréfa í Alcan þaut upp um 34,5 prósent í 82,11 dali á hlut við lokun markaða í fyrradag í kjölfarið. Bank of



ÁLVER ALCAN Í STRAUMSVÍK.

America hefur uppfært verðmat sitt á félaginu úr 62 dölum á hlut í 82 dali og mælir með kaupum á bréfum álfyrirtækisins. Telja greinendur ekki ólíklegt að fleiri álfyrirtæki blandi sér í baráttuna.

Alcoa og Alcan hafa átt í samstarfsviðræðum í tæp tvö ár. Þær skiluðu engum árangri og afréð Alcoa því að fara út í yfirtökuna.

Samkvæmt upplýsingum frá Alcan á Íslandi kom yfirtökutilboðið á mánudag á óvart og mun móðurfélagið tjá sig um það þegar formlegt tilboð liggur fyrir. - jab

Tilboðsverð endurspeglar ekki virði félagsins

Greiningardeild Landsbankans hefur sent frá sér nýtt verðmat á Mosaic Fashions sem Baugur Group hyggst taka yfir og afskrá úr Kauphöll Íslands í félagi við aðra fjárfesta. Verðmatsgengið hljóðar upp á 17,9 krónur á hlut samanborið við væntanlegt yfirtökugengi upp á 17,5 og mælir bankinn með kaupum og

yfirvögun í Mosaic. Landsbankinn horfir til tólf mánaða markgengis í 20,2 krónum.

„Við teljum þó að tilboðsgengið 17,5 (7% álag á lokagengi bréfanna hinn 3. maí) endurspeglar ekki að fullu virði félagsins,“ segja sérfræðingar hjá greiningardeild Landsbankans. - eþa

Gnúpur nálgast Hannes

Gnúpur fjárfestingafélag hefur verið að auka við hlut sinn í FL Group á undanförunum vikum og fer nú með 19,55 prósent hlut sem metinn er á 45,8 milljarða króna. Frá áramótum hefur Gnúpur fest kaup á tæplega þriggja prósent hlut og stendur nú skammt frá stærsta hluthafanum, Oddaflugi Hannesar Smárasonar, forstjóra FL,



PÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON Gnúpur slagur upp í eignarhlut Oddaflugs í FL.

sem fer með 19,77 prósent. Að Gnúpi standa fjárfestarnir Kristinn Björnsson og Magnús Kristinsson auk framkvæmdastjórans Þórðar Más Jóhannessonar. Gnúpur er „þögull hluthafi“ í FL Group, það er að félagið er ekki með mann í stjórn fjárfestingafélagsins, og þarf því ekki að tilkynna um viðskipti nema þau séu flöggunarskyld. - eþa

Hunter-Fleming hugleiðir skráningu á AIM

Breska lyfjafyrirtækið Hunter-Fleming tilkynnti í apríl um annars fasa prófanir á nýju lyfi við Alzheimer-sjúkdómnum. Íslendingar eru meðal stofnfjárfesta í fyrirtækinu.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Í bígerð er að skrá breska lyfjafyrirtækið Hunter-Fleming á AIM hlutabréfamarkaðinn í Lundúna-kauphöllinni (LSE) á þessu ári, með það fyrir augum að safna hlutafé. Fyrirtækið hóf nýlega annars fasa prófanir (Phase II) á lyfi við Alzheimer-sjúkdómnum. Þá hefur fyrirtækið fært prófanir á gigtarlyfi inn í bandaríska fyrirtækið Trident og á þar 17 prósent hlut.

Í hópi eigenda Hunter-Fleming eru allnokkrir Íslendingar og er Ernir Snorrason, geðlæknir og frumkvöðull í lyfjapróun, meðal stærstu einstöku hluthafa. AIM-markaðurinn er hliðarmarkaður fyrir smærri félög, sambærilegur við First Northmarkaði OMX-kauphallarsamstæðunnar.

Nokkrar skipulagsbreytingar hafa verið gerðar á Hunter-Fleming í kjölfar aðkomu fjárfestingarfyrirtækisins Advent International í fyrra. Þannig var undir lok síðasta árs ráðinn nýr forstjóri að nafni Miki Capaldi og stofnandinn, Jim Murray, sem gegnt hafði starfinu gerður að forseta.

Ernir átti til skamms tíma sæti í stjórn félagsins og kom á sínum tíma að söfnun hlutafjár hér á landi. Hann segist binda nokkrar vonir við Alzheimerlyfið, en félagið sé með þrjú lyf í þróun sem lofi góðu. Hann áréttar þó að lyfjageirinn sé í eðli sínu áhættusamur fyrir fjárfesta. „Hins vegar er nokkuð ljóst að hluthafar mega vænta nokkurrar hækkunar á bréfunum við það eitt að félagið verði skráð. Seinast þegar ég vissi var gengi hlutarins metið á fjóra, en gæti stökkið í 10 til 20 við skráningu,“ segir hann, en kvæðst þó ekki fyllilega sannfærður um að lokið verði við skráningu á árinu. „Aðstæður til skráningar á AIM voru um margt betri fyrir ári,“ bætir hann við. Á þeim tíma segir hann að einnig hafi verið tækifæri til sameiningar við annað stórt fyrirtæki sem ekki hafi verið gripið. „Upp úr því ákvað ég nú að draga mig út úr stjórninni, en er



ERNIR SNORRASON Ernir er meðal stofnenda breska lyfjafyrirtækisins Hunter-Fleming og sat um árabíl í stjórn fyrirtækisins. Þegar ljósmyndara bar að garði var Ernir í laug við heimili sitt en vatnið í hana fæst úr borholu í landareign hans. MARKAÐURINN/GVA

samt náttúrulega áfram inni sem hluthafi.“ Hann segir þó ljóst að bæði Advent International og MTI Partners Ltd., sem einnig á í Hunter-Fleming stóran hlut, hafi hug á því að fara með félagið sem fyrst á markað.

Hunter-Fleming var stofnað árið 1999, en snemma á ferlinum var tekið að safna hlutafé. „Ég hefði getað safnað meiru hér heima, en lét nægja milli tvö og þrjú hundruð milljónir,“ segir Ernir. Nái fyrirtæki að þróa lyf er hagnaðarvon þeirra mikil, en þróunin og prófanaferlar hennar eru mjög kostnaðarsöm. Ernir segist telja skynsamlegt fyrir hluthafa að biða aðeins og sjá hvort ekki verði af skráningunni því þá megi gera ráð fyrir gengishækkun. Takist félaginu svo að búa til lyf sem fer á markað gæti gengishagnaðurinn orðið margfalt meiri.

settu merking hátt
sími 551 0275

SILKIPRENT



IG+ gjaldeyrisreikningur



Ríkulegri krónur!

DKK

Gjaldeyrisreikningur SPRON ber mun hærri vexti en sambærilegir reikningar.

IG+ gjaldeyrisreikningur SPRON hentar vel þeim sem eiga í erlendum viðskiptum og öðrum sem vilja framúrskarandi vexti á þann gjaldeyri sem lagður er til hliðar. Reikningarnir eru bundnir til þriggja mánaða, lágmarksinnborgun er ein milljón króna.

Færð þú örugglega bestu vextina á gjaldeyrinn?

Kynntu þér málið á spron.is



Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is

HUGTAK VIKUNNAR

INNHERJAR eru þeir kallaðir sem í fyrirtækjum hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum vegna eignaraðildar, stjórnarsetu, aðkomu að rekstri eða annarra tengsla. Þetta fólk hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum sem aðrir á markaðnum hafa ekki. Félög sem skráð eru á markað verða að tilgreina hverjir innherjarnir eru. Ef innherji í hlutafélagi á viðskipti með bréf sín er þau nefnd innherjaviðskipti og eru ólögleg ef þau byggja á trúnaðarupplýsingum sem ekki hafa verið tilkynntar með opinberum og viðurkenndum hætti.



Vaxtaákvarðanir í Evrópu á morgun

Vaxtaákvarðunardagar eru hjá bæði Englandsbanka og evrópska seðlabankanum á morgun. Greinendur eru sammála um að Englandsbanki hækki vexti til að koma verðbólgu, sem hefur ekki verið hærrí í áratug, niður að tveggja prósentu verðbólgu-markmiðum bankans. Reyndar búast flestir við hækkingum á evrusvæðinu á næstunni en hvort 3,75 prósentu stýrivextir fari upp á morgun eður ei er óvíst.

Evrópusambandið sendi frá sér uppfærða hagspá fyrir evrusvæðið á mánudag. Spáð er 2,6 prósentu hagvexti á evrusvæðinu á árinu, sem er 0,2 prósentustiga



PENINGARNIR HÖNDLABIR Flestir búast við að stýrivextir verði hækkaðir í Bretlandi á morgun. Nokkrur óvissu gæti með vaxtaákvarðun á evrusvæðinu.

hækkingum. Þar af var hagvaxtar-spáin fyrir Þýskaland hækkuð um 0,7 prósentustig í 2,5 pró-

sent. Fram kemur í spánni að aukinn hagvöxtur verði knúinn áfram að auknum fjárfestingum fyrirtækja, sem skilar sér í aukinni eftirspurn. Greiningardeild Kaupþings bendir á að einmitt þetta auki líkurnar á stýrivaxta-hækkingu á næstunni hvort sem það verði í sumar eða síðar.

Talsverðar líkur eru á hækkingu stýrivaxta í Bretlandi. Stýrivextir þar standa í 5,25 prósentum en í ljósi 3,1 prósentu verðbólgu í mars sem var umfram væntingar var þrýst á Englandsbanka að hann hækkaði vextina hratt, jafnvel í stærri stökkum en hann kys. - jab

Landsbankinn í Cannes

Landsbankinn opnar skrifstofu í Cannes í Frakklandi í sumar. Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, segir að 2-3 starfsmenn muni halda utan um útibúið í byrjun.

Hlutverk þeirra verður að bjóða auðmönnum lán út á dýrar fasteignir á frönsku rivierunni og á Spáni.

Landsbankinn rekur einnig svipaða starfsemi á Marbella á Suður-Spáni. - eþa



Íslenskir fjárfestar atkvæðamiklir í Svíþjóð

Íslendingar hafa keypt í Saab, Husqvarna, Electrolux og fleirum. Straumur hefur keypt fyrir 21 milljarð.

Íslenskir fjárfestar hafa verið atkvæðamiklir á sænskum hlutabréfamarkaði á árinu og fjárfest grimmt í sænskum stórfyrirtækjum.

Í Dagens Industri kemur fram að Landsbankinn hefur tekið hlutabréfastöður í Nordea, Electrolux, tóbaksframleiðandanum Swedish Match og leikjafyrirtækinu Net Entertainment.

Straumur-Burðarás hefur aukið fjárfestingar sínar á sænska markaðnum um rúma níu milljarða króna á árinu, í 21 milljarð

króna. Meðal þeirra félaga sem Straumur er hluthafi í má nefna Saab, Swedbank, heimilistækjaframleiðandanum Husqvarna og Electrolux auk Net Entertainment. Þá er finnska fjármálfyrirtækið Sampo orðið þriðji stærsti hluthafinn í Nordea með 2,3 prósentu hlut. Exista er sem kunnugt er stærsti hluthafinn í Sampo.

Sænski markaðurinn hefur verið á ágætisflugi á árinu, þannig nemur gengishækkun í Electrolux einu og sér tæpum fimmtíu prósentum. - eþa

Glitnir er næststærsti miðlari Norðurlanda

Markaðshlutdeild Glitnis hefur áttfaldast milli ára þegar horft er til veltu hlutabréfa á norrænum verðbréfamarkaði. Aukningin er rakin til innri vaxtar og fyrirtækjakaupa.

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Glitnir er annar stærsti miðlarinn á norrænum verðbréfamarkaði á fyrsta fjórðungi ársins eftir kaupin á finnska fyrirtækinu FIM Group, samkvæmt tölum sem OMX-kauphöllin og Oslóarkauphöllin (Oslo Børs) hafa birt.

Þegar horft er til veltu hlutabréfa hefur markaðshlutdeild Glitnis aukist úr 0,8 prósentum á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs í 6,05 prósent á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, sem er hátt í áttföldun.

Mikinn vöxt Glitnis á norrænum verðbréfamarkaði má bæði rekja til innri vaxtar og kaupa á fyrirtækjunum Norse Securities, Fischer Partners og FIM Group, en yfirtökutilboði í FIM Group lýkur núna 16. maí. Samkvæmt upplýsingum frá Glitni nemur samanlögð markaðshlutdeild Glitnis og FIM á fyrsta fjórðungi ársins 26 prósentum hér á landi, 6,66 prósentum í Finnlandi, 6,28 prósentum í Svíþjóð, 5,63 prósentum í Noregi og 3,24 prósentum í Danmörku.

Frank Ove Reite, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Glitnis, segir sterka stöðu á verðbréfamarkaði efla bankann sem leiðandi fjármálfyrirtæki og leggja grunn að frekari vexti og arðsemi. „Fyrirtækjakaupin hafa aukið við vöruframboð og auðveldað aðgang viðskiptavina Glitnis inn á nor-



EFSTA LAGIÐ HJÁ GLITNI Þorsteinn M. Jónsson stjórnarformaður ásamt Bjarna Ármannssyni, fráfarandi forstjóra, og Lárusi Welding, sem tók við starfanum þegar tilkynnt var um breytinguna 30. apríl sl. MARKAÐURINN/HÖRÐUR SVEINSSON

ræna markaðinn auk þess að opna leið inn á nýja og ört vaxandi markaði. Eftir kaupin á FIM mun Glitnir vaxa og eflast enn frekar á sviði verðbréfavíðskipta og fyrirtækjaráðgjafar,“ segir hann og bendir á að nú séu 55 fyrirtækjaráðgjafar á vegum Glitnis í fimm löndum, sem efla mjög stöðu bankans á þeim vettvangi innan Norðurlandanna. „Sérfræðipækking FIM á nýmörkuðum og sterk staða Glitnis á norrænum fjármálamarkaði mun skapa fjölda nýrra tækifæra fyrir bankann,“ segir hann og bætir við að stefna bankans sé að vera áfram í forystusveit veltumestu fjármálfyrirtækja á norræna markaðnum.

Töluverður gangur hefur verið í norrænum kauphöllum að undanförunu. Þannig voru í síðasta mánuði slegin nokkur veltumet í OMX-kauphöllum. Veltumesti dagurinn í sögu kauphallanna var 26. apríl. Þá nam veltan 795,5 milljörðum íslenskra króna, en fyrra met var af fyrsta fjórðungi þessa árs, síðan 28. febrúar þegar veltan nam 758,6 milljörðum. Fjöldi viðskipta hefur að sama skapi aukist en á meðaldeg í síðasta mánuði fóru fram um 172 þúsund viðskipti, miðað við 143 þúsund síðustu tólf mánuðina á undan. Frank Reite segir horfur á því að viðskipti haldi áfram að vera líflæg á markaðnum. „Og það kemur sér vel fyrir okkur,“ segir hann glaðbeittur.

Svik í stærstu yfirtökunni

Fjármálaeftirlit Bandaríkjanna hefur höfðað mál á hendur starfsmanni svissneska fjárfestingabankans Credit Suisse í Bandaríkjunum vegna innherjasvika í tengslum við yfirtöku fjárfestingafélagsins Kohlberg Kravis Roberts á bandaríska orku-fyrirtækinu TXU fyrr á þessu ári. Kaupvirði nam 45 milljörðum bandaríkjadala, tæpum 2.900 milljörðum íslenskra króna. Þetta er einhver stærsta skuldsetta yfirtaka í heimi.

Credit Suisse veitti ráðgjöf vegna viðskiptanna og mun maðurinn hafa nýtt sér innherjaupplýsingar í hlutabréfaviðskipti með bréf í félaginu.

Maðurinn, sem er 37 ára og af pakistönskum uppruna, hafði samband við annan aðila í heimalandinu og festu þeir sér 6.700 framvirka hluti í TXU í febrúar. Gengið hækkaði um 13 prósent við yfirtökuna og nam hagnaðurinn 7,5 milljörðum dala,



UMHVERFISINNAR MÖTMÆLA TXU Maður hefur verið kærður vegna innherjasvika í tengslum við stærstu skuldsettu yfirtöku á fyrirtæki í heimi.

um 480 milljörðum króna.

Sami maður liggur nú undir grun um að hafa nýtt sér innherjaupplýsingar í níu öðrum yfirtökum á fyrirtækjum sem Credit Suisse veitti ráðgjöf um. Verði maðurinn fundinn sekur á hann yfir höfði sér sekt upp á fimm milljónir dala hið minnsta, um 320 milljónir íslenskra króna, og 20 ára fangelsi. - jab

MARKAÐSHLUTDEILD Í MIÐLUN HLUTABRÉFA Á NORÐURLÖNDUM - FIMM STÆRSTU

Fjármálastofnun	Hundraðshlutdeild
Skandinaviska Enskilda Banken AB	7,53%
Glitnir/FIM	6,05%
Morgan Stanley & Co. International	5,99%
Carnegie Investment Bank AB	5,83%
Svenska Handelsbanken AB	4,44%

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

- Vel lesið

*Gallup maí 2006





ALREKSTUR NÝHERJA

KLÁRT MÁL

„Það er eins og tölvudeildin sé hér hjá okkur svo vel gengur samstarfið“

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR ATVINNULÍFSINS HEFUR VERIÐ Í ALREKSTRI NÝHERJA Í 5 ÁR

„Rekstraröryggi skiptir okkur gríðarlega miklu máli og við vitum að Nýherji er með allt á hreinu hvað varðar afritun, aukarafhlöður, brunavarnir og aðrar öryggiskröfur. Samstarfið hefur gengið þægilega fyrir sig, ef við lendum í vandræðum tökum við upp símann og fáum þjónustu símleiðis eða þeir skreppa til okkar og klára málið. Við þekkjum tæknimennina hjá Nýherja með nafni og það er eins og tölvudeildin sé hér hjá okkur, svo vel gengur samstarfið“.

Smári Þórarinsson, fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

ÚTHÝSTU TÖLVUREKSTRINUM OG UPPLIFÐU:

HAGRÆÐI

Erlendar kannanir sýna að fyrirtæki í alrekstrarþjónustu geta sparað tugi prósentu á ári miðað við að halda úti eigin tölvudeild.

AÐGENGI

Sérfræðingar með þekkingu og reynslu eru alltaf til taks og veita persónulega tölvuþjónustu án aukagjalds.

ÖRYGGI

Hjá Nýherja er búnaðurinn varinn með bestu fánlegu tækni – engar óvæntar uppkomur.

HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLURÁÐGJAFANA
OG FETADU Í FÓTSPOR FJÓLDA ÁNÆGDRA
VIÐSKIPTAVINA SEM HAFNA ÁTTAÐ SIG
Á HAGRÆÐINU OG ÞÆGINDUNUM SEM
FYLGA ÞVÍ AÐ ÚTHÝSA TÖLVUREKSTRINUM.



NÝHERJI

Borgartúni 37 - 105 Reykjavík - sími 569 7700
Kaupangur v/Mýrarveg - 600 Akureyri - sími 569 7620
www.nyherji.is - nyherji@nyherji.is

Sparisjóðir í sjöunda himni

Hagnaður fimm stærstu sparisjóðanna nam 18,3 milljörðum króna í fyrra og hefur fimmfaldast frá árinu 2005. Gengishagnaður og tekjur af eignarhlutum vögu þungt í heildartekjum og halda áfram að gera svo, þökk sé Existu og Icebank. Eggert Þór Aðalsteinsson leit yfir rekstur stærstu sparisjóðanna í fyrra.

Viðskiptabankar og fjárfestingafélög voru ekki ein um að skila methagnaði á síðasta ári. Rekstur stórra sem smárra sparisjóða gekk glimrandi vel og nutu þeir hagstæðra markaðsaðstæðna og lágra vanskila.

Fimm stærstu sparisjóðirnir, sem eru SPRON, Byr sparisjóður, Sparisjóðurinn í Keflavík (SpKef), Sparisjóður Mýrasýslu (SPM) og Sparisjóður Kópavogs (SPK), högnuðust alls um 18,3 milljarða króna í fyrra samanborið við átta milljarða króna árið 2006 og 3,4 milljarða árið 2005. Samanlagður hagnaður eykst því um 130 prósent á milli ára og ríflega fimmfaldast frá árinu 2005. Fjórir sparisjóðir högnuðust yfir einn milljarð króna á síðasta ári: SPRON (9,0 milljarðar), SpKef (4,7 milljarðar), Byr (2,7) og SPM (1,5), en hagnaður SPK nam ríflega hálfum milljarði króna.

Arðsemi eigin fjár var yfir 50 prósent hjá öllum sparisjóðunum nema Byr þar sem hún var 23 prósent. Hæstu arðsemi sýndi SpKef, um 125 prósent.

Þessir fimm sparisjóðir bera höfuð og herðar yfir aðra hvað efnahag varðar en þess ber þó líka að geta að mikill stærðarmunur er á milli stærstu sparisjóðanna. Þannig er SPRON hátt í níu sinnum stærri en SPK. Reyndar er það vafamál hvort bera eigi aðra sparisjóði við SPRON sem hefur stækkað gríðarlega á síðustu tveimur árum og skilaði til dæmis á síðasta ári þrefalt meiri hagnaði en Landsbankinn árið 2003.

GENGISHAGNAÐUR VEGUR ÞUNGT

Þegar almennt er litið yfir afkomu sparisjóðanna á síðasta ári er ljóst að hefðbundinn bankarekstur bar ekki hagnaðinn uppi heldur gengishagnaður og tekjur af hlutabréfum og eignarhlutum í öðrum fjármálafyrirtækjum. Þetta er athyglisvert þegar haft er í huga að styrkur og sérkenni sparisjóðanna hefur legið í hefðbundinni bankajónustu fyrir einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki. Sparisjóðahópurinn, sem kenndur er við Existu, sker sig verulega frá hinum þegar reksturinn er gerður upp. Við skráningu Exista í Kauphöllina í fyrra leystist gríðarlegur gengishagnaður úr læðingi sem þessi hópur naut með beinum hætti í aukningu tekna. Af stærstu sparisjóðunum eru SPRON, SpKef og SPM í þessum hópi.

Hreinar rekstrartekjur voru alls um 32 milljarðar króna og hækkuðu um tæp 79 prósent á milli ára. Aðrar tekjur en vaxta- og þóknunartekjur svöruðu til 74 prósent af hreinum rekstrartekjum fimm stærstu sparisjóðanna og voru alls 23,8 milljarðar króna. Þegar horft er til einstakra sparisjóða liggur hlutfallið á bilinu 55-87 prósent, lægst hjá Byr en hæst hjá SpKef. Til samanburðar nam hlutfallið tæpum þriðjung hjá viðskiptabönkunum þremur í fyrra.

Helstu félög sem eru í eigu sparisjóð-



HAGNAÐUR FIMM STÆRSTU SPARISJÓÐANNA JÓKST UM 130 PRÓSENT Á MILLI ÁRA OG HÆKKAÐI UM ALLS TÍU MILLJARÐA KRÓNA Á MILLI ÁRA Sparisjóðirnir hafa verið að hagnast með beinum og óbeinum hætti á eignarhlutum í Existu. Útlitið er bjart vegna gengishækkana í Existu og fyrirhugaðar skráningar Icebank á næsta ári. Myndin er tekin í útibúi SPRON við Skólavörðustíg.

MARKAÐURINN/GVA

anna eru Icebank, Exista, Kista fjárfestingafélag í eigu Exista-sparisjóða, SP Fjárfestingarbanki (Byr, SpKef, SPM) og Allianz (Byr og SPK). SPRON á Frjálsa Fjárfestingarbankann og Byr á stóran hlut í MP Fjárfestingarbanka og þá hafa sparisjóðir verið iðnir við að fjárfesta í hver öðrum. Af þessum félögum skiluðu Exista og Icebank mjög góðri ávöxtun til sparisjóðanna. Ef fjármunir í þessum félögum yrðu settir inn á bók myndu þeir einnig skila drjúgum tekjum. „Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga að fjárfestingar okkar í hlutabréfum nema um 30 milljörðum í lok síðasta árs og að þær skila ekki vaxtatekjum. Ef við seldum þessi hlutabréf og settum andvirði þeirra inn á reikning í Seðlabanka fengjum við líðlega fjóra milljarða í vaxtatekjum á ári miðað við núverandi vaxtastig,“ sagði Guðmundur Hauksson, sparissjóðsstjóri SPRON, á aðalfundi sparisjóðsins í mars. Ragnar Z. Guðjónsson, sparissjóðsstjóri Byrs, tók í sams konar streng á aðalfundi félagsins og sagði að sparisjóðurinn hefði fengið einn milljarð í vaxtatekjum við það að losa um hluti í hlutdeildarfélögum.

VAXTATEKJUR DRAGAST SAMAN

Hreinar vaxtatekjur voru alls 5,9 milljarðar króna og drógust saman um rúm átta prósent á milli ára. Vaxtamunur, þ.e. vaxtatekjur að frádregn-

um vaxtagjöldum í hlutfalli af meðalstöðu heildarfjármagns, dróst saman eins og víðast hvar í bankakerfinu samfara stækkandi efnahag og breyttri samsetningu útlána. Þóknunartekjur eru ekki stórt partur af heildartekjum stærstu sparisjóðanna, um 2,3 milljarðar, en jukust þó um 43 prósent á milli ára.

Sökum methagnaðar lækkar kostnaðarhlutfall stærstu sparisjóðanna í öllum tilvikum nema einu. Það er óvíst að menn sjái aftur önnur eins hlutföll og í Sparisjóðnum í Keflavík þar sem kostnaðarhlutfall nam aðeins 17,3 prósentum og um 26,4 prósentum í SPRON. Hæsta kostnaðarhlutfallið var hjá Byr, um 40,2 prósent.

Annar rekstrarkostnaður var um 8,9 milljarðar króna og jókst um 18,5 prósent. Byr, sem varð til með sameiningu SPV og SPH, var eini sparisjóðurinn sem tókst að minnka rekstrarkostnað á milli ára.

Vanskil voru í sögulegu lágmarki. Framlög til afskriftarreikninga (virðisrýrnun útlána) voru 1,1 milljarður og drógust saman um átján prósent.

Efnahagsreikningar stærstu sparisjóðanna héldu áfram að títta út á síðasta ári eins og árin á undan. Við lok síðasta árs stóðu eignir í 391 milljarði króna og höfðu vaxið um 120 milljarða á árinu eða um 45 prósent. Þetta er tvöföldun frá árslokum 2004. SPRON er eftir sem áður langstærsti sparisjóðurinn með heildareignir upp á 185 milljarða króna sem er um

áttatíu milljörðum meira en heildareignir Byrs, næststærsta sparisjóðsins. Auk þess sem efnahagur sjóðanna stækkaði þá jókst eigið fé þeirra verulega. Það stóð í tæpum 63 milljörðum króna sem er ríflega tvöföldun á milli ára. Vaxandi hagnaður og aukning stofnfjár hefur styrkt stóru sparisjóðina og miðað við nýlegar og fyrirhugaðar stofnfjárukningar á árinu eykst slagkraftur sparisjóðanna áfram.

ÁFRAM KÁTT Í KOTINU

Það er viðbúið að sparisjóðirnir muni hagnast verulega á árinu, einkum þeir sem eru í bandalagi í Existu. Frá áramótum hefur Exista hækkað um rúm fjórtíu prósent án þess að 100 prósentar arðgreiðsla nafnverðs er tekin með í reikninginn. Exista-sparisjóðirnir áttu 12,3 prósent af heildarhlutafé við skráningu félagsins og eru enn meðal stærstu hluthafa. Hópurinn hagnaðist samanlagt um 17,7 milljarða króna samanborið við 6,7 milljarða árið 2005. Auk fyrrnefndra sparisjóða eru Sparisjóður Vestfirðinga, Sparisjóður Húnaþings og Stranda og Sparisjóður Svarfdæla í hópnunum en þessir þrjú sjóðir skiluðu allir um 800-900 milljóna króna hagnaði. Sparisjóðirnir hafa sett hluta bréfa sinna inn í Kistu fjárfestingarfélag, annan stærsta hluthafann í Existu með sex prósent hlut sem metinn er á yfir 21 milljarð króna. Ljóst er að töluverður gengishagnaður hefur orðið hjá Kistu.

Ög ekki verður árið 2008 síðra ef áform sparisjóðanna ganga eftir um skráningu Icebank á hlutabréfamarkað. Sparisjóðirnir hafa hagnast verulega á miklum vexti Icebank á síðustu árum, einkum vegna hækkunar á eignarhlut bankans í Existu. Þannig hafa allir sparisjóðir hagnast með óbeinum hætti á ævintýralegum vexti stærsta hluthafans í Kaupþingi og Sampo Group. Icebank var með eigið fé upp á tólf milljarða um áramót og gæti staðið í fjórtán milljörðum í dag. Við skráningu Icebank eru töluverðar líkur að markaðsverð verði umtalsvert hærra en bókfært eigið fé, eins og gengur og gerist hjá fjármálafyrirtækjum. Stærstu eigendur Icebank eru einmitt fimm stærstu sparisjóðirnir, þar af er hlutur Byrs og SPRON samanlagt um 53,2 prósent hlutfjár.

Hagnaður af fjárfestingastarfsemi mun þannig keyra afkomu sparisjóðanna áfram.

AFKOMA ANNARRA SPARISJÓÐA 2006

	Hagnaður	Heildareignir
Sparisjóður Svarfdæla	902	3.542*
Sparisjóður Húnaþings og Stranda	819	5.568
Sparisjóður Vestfirðinga	801	9.657
Sparisjóður Vestmannaeyja	321	10.114
Sparisjóður Norðlendinga	186	12.586
Sparisjóður Bolungarvíkur	185	6.571

* Eignir sjóðsins í árslok 2005
Allar tölur í milljónum króna

SAMANBURÐUR Á SPARISJÓÐUNUM (Í MILLJÓNUM KRÓNA)

	Hagnaður 2006	Hagnaður 2005	Breyting	Arðsemi eigin fjár	Hreinar rekstrartekjur	Aðrar rekstrartekjur	Eignir	Eigið fé	Eiginfjárlutfall (CAD)
SPRON	9.010	4.092	+120%	58,7%	15.196	11.806	184.500	34.774	20,2%
Byr	2.676	1.830	+46%	23,0%	5.502	3.036	104.188	13.948	14,3%
SpKef	4.687	1.150	+308%	124,5%	7.259	6.325	47.969	9.272	14,2%
SPM	1.458	616	+137%	69,9%	2.942	1.942	33.749	3.544	11,7%
SPK	511	333	+53%	55,2%	1.173	711	21.050	1.418	11,3%
Alls	18.342	8.021	+129%		32.072	23.820	391.456	62.956	



NETVISION

Miðlaðu á markvissan hátt með Netvision

mentis HUGBÚNAÐUR



ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI í 30 daga á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner

Kröfuharður?

Við höfum liðsinnt fjölda kröfuharðra fyrirtækja
við innheimtu viðskiptakrafna með góðum árangri.
Komdu með þínar kröfur - síminn er **440 7770**.

kontaktus

intrum  **justitia**

VIÐ KOMUM HREYFINGU Á PENINGANA

Kjósendur verða líklega fyrir allt eins miklum áhrifum af kosningastjórnnum flokkanna og af málefnskrá þeirra. Þær gegna því mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi þessarar vikunnar. Markaðurinn fór þess á leit við liðsmenn kosningastjórna allra flokka að þeir líktu formanni flokks síns við einfalda vöru eða hlut sem endurspegladi helstu eiginleikaformannsins. Útkoman er forvitnileg eins og sjá má. Ef til vill vitnar hún um andann og áherslurnar í flokkunum sjálfum. Allir eru sammála því að sinn formaður sé vönduð og traust gæðavara. En hvort ætli kjósendur vilji bók eða bíl til að fylgja sér næstu fjögur árin? Nú, eða hlýja flík?

Formenn í augum



TEIKNING: HELGI SIGURÐSSON

SKARPI SJÓNNAUKINN STEINGRÍMUR J.

Steingrímur J. Sigfússon er fyrst og fremst mikill baráttuaxl, maður úthalds, snerpu og einbeitingar. Það er sameiginlegt mat þeirra Svandísar Svavarsdóttur og Hugins Freys Þorsteinssonar, tveggja af kosningastjórn Vinstri grænna. „Það er ekki heiglum hent að yfirfæra slíka eiginleika yfir á hlut eða vöru. Upp í hugann kæmi fyrst skarpur sjónauki. Með sterkum, skörpum sjónauka sést lengra og skýrar. Sjónaukinn Steingrímur er hvorki nýr né tölvustýrður heldur traustur, sigildur og varanlegur. Með honum má skoða náttúru, samfélag, heiminn allan og jafnvel horfa gegnum holt og hæðir. Hnífskarpur fókus og leiftursýn sem greina fljótt og vel það sem máli skiptir gera það að sjónauki kemur upp í hugann þegar þessi spurning er borin upp nú í aðdraganda kosninga.“

BÓKIN INGIBJÖRG SÓLRÚN

Sigrún Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Samfylkingunni, líkir Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur við bók. „Í bókinni Ingibjörg Sólrún Gísladóttir er gnægð af úthugsuðum lausnum og ráðum varðandi hin ýmsu vandamál samfélagsins sem við blasa í dag, jafnt á sviði efnahagsmála sem velferðarmála. Þar er byggt á langri reynslu en fyrst og fremst horft til framtíðar. Bókin er vel skipulögð og auðvelt að fletta upp í henni og finna nýjar hugmyndir og nálganir gagnvart málefnum liðandi stundar. Í bókinni er tekist á við samtímann af skynsemi og með opnum hug með jafnrétti og kvenfrelsi að leiðarljósi. Þetta er skemmtileg bók í flottu bandi. Hún fer vel í hillu, þó hvergi eins vel og í Stjórnarráðshúsinu.“

KRAFTMIKLI SMÁBÍLLINN ÓMAR

„Ómar Ragnarsson er eins og knúinn áfram af umhverfisvæðingunni og er me... Þannig lýsir Sólborg Alda Pétur kosningastjórn Íslandshreyfingarinnar. „Bíllinn Ómar hefur til að komast klakklaust yfir vegi hans verða. Snjór og hálka þó svo að nagladekk fari aldrei er að setja bílinn í fluggir ef snjarnir geta því notið þess að virki lofti sem og láði. Sérstök hljómbíllinn, sem bæði geta sent frá sér um er tölva sem hefur svar við þessins er heitið er aldrei að vita óvæntar beygjur. Hann getur U-beygju og farið í allt aðra átt haflega heitið, verði eitthvað á þarf nánar að.“

Að vera eða vera ekki vara

Frambjóðendur til komandi alþingiskosninga gefa allir súkkulaðihúðuð og sæt loforð. Þau renna þó ekki svo ljúflega niður meltingarveg kjósenda. Kannanir sýna að innan við tuttugu prósent þeirra telja líklegt að stjórnámamenn standi við gefin loforð. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* kynnti sér kúnstina að baki markaðsstarfi stjórnámamanna.

Enginn sem koma vill boðum á framfæri við fjöldann hefur efni á að líta framhjá markaðssetningu. Gildir þá einu hvort vekja á athygli á dísætum sykurlausum gosdrykk, hagstæðustu mögulegu íbúðalánunum eða þeim mönnum og konum sem stjórnara eiga landinu.

Ekki eru allir á einu máli um hvort sömu lögmál gildi um markaðssetningu stjórnámamanna og hvernannarrar söluvöru. Karl Pétur Jónsson, stjórnámálafræðingur og starfsmaður fjárfestingaráðgjafar Aska Capital, hefur fylgst með markaðsstarfi stjórnámálflokka undanfarnin ár. „Stjórnámálaöfl hafa tekið í sína þjónustu sömu tækni við að koma skilaboðum áleiðis og bjóðendur vöru og þjónustu. Þetta eitt gerir stjórnámál og stjórnámámamenn ekki að vöru og þjón-

ustu,“ segir hann. „Að halda því fram er mikil einföldun. Það er ómögulegt að líkja stjórnámámamanni við vörumerki. Þegar þú kaupir vöru veistu nákvæmlega að hverju þú gengur. Stjórnámámaður er lifandi manneskja en ekki fasti. Þar fyrir utan hefur hann stjórnarskrárbundna skyldu til þess að hlýða þér ekki eftir að þú ert búinn að kjósa hann. Hann á að fylgja sannfæringu sinni og engu öðru.“

Þórhallur Guðlaugsson, dósent við Háskóla Íslands, hefur í starfi sínu skoðað markaðsstarf stjórnámálflokka. Hann er á öndverðri skoðun. „Sumir segja að ómögulegt sé að líkja stjórnámámönnum við hverja aðra vöru. En það er líka hægt að segja að lyf séu ekki eins og hver önnur vara eða að háskólanám sé

ekki eins og hver önnur vara. Að lokum kemst maður að þeirri niðurstöðu að hver vara hefur sína sérstöðu. Þá getur maður alveg eins litið svo á að sérstaða stjórnámámanna sé þau skilaboð sem þeir þurfa að koma til kjósenda.“

MARGT MÁ BETUR FARA

Stjórnámámamenn og neysluvörur eiga það sameiginlegt að hafa eitthvert erindi við neytendur. Til að koma því á framfæri standa verkfæri á borð við sjónvarp, útvarp og dagblöð til boða. Hins vegar þarf að taka tillit til ýmissa sérstakra aðstæðna sem gilda við markaðssetningu stjórnámámanna sem ekki er fyrir að fara með venjulegar neysluvörur. Afar sjaldgæft er að vörur séu seldar til fjögurra ára í senn. Þá búa fáar



Þriðjungin námslána breytt í styrk



framsokn.is

Framsókn

háskólar

MIÐVIKUDAGUR 9. MAÍ 2007



Fleiri greinar í boði

Fyrirhugað er að bjóða upp á meistaranám fyrir listamenn og fræðimenn í myndlist, hönnun, tónlist og leiklist.

BLS. 4



FRÉTTAHLAÐIÐ/PIETUR

Hvað viltu?

- Njóta frábærrar aðstöðu til náms
- Sjá fyrir þér spennandi starf að loknu námi
- Njóta lífsgæða og útivistar í fallegrri náttúru
- Stunda heildstætt og hagnýtt háskólanám

HÓLAR ER
STAÐURINN



HESTAFRÆÐI OG REIÐMENNNSKA

Áhersla á hestafræði, tamningar, reiðmennsku og reiðkennslu.



FERÐAMÁLAFRÆÐI

Áhersla á náttúru, menningu, upplifun, afþreyingu og útivist.



FISKALÍFFRÆÐI OG FISKELDI

Áhersla á auðlindir vatns og sjávar, umhverfismál, líffræðilegar og tæknilegar hliðar fiskeldis.



Þórður S. Gunnarsson, forseti lögfræðideildar Háskólans í Reykjavík.

Fyrstu lögfræðingarnir útskrifast frá HR

Í næsta mánuði verða fyrstu lögfræðingarnir með meistarapróf útskrifaðir úr HR eftir fimm ára nám, en í ágúst 2002 var deildin stofnuð.

Lögfræðingarnir eru þeir fyrstu sem útskrifast á Íslandi með fullnaðarpróf í lögfræði úr öðrum skóla en Háskóla Íslands, svo segja má að það dragi til tíðinda.

Lögfræðinám við Háskólann í Reykjavík er töluvert frábrugðin því sem hingað til hefur verið kennt hér á landi, en tilgangurinn með stofnun deildarinnar var að umbylta náminu og færa það til nútímans. Það hefur meðal annars verið gert með þeim hætti að bæta við námið hinum „nýju“ kjarnagreinum lögfræðinnar, það er að segja félagarétti, skattarétti, samkeppnisrétti, fjármálaþjónusturétti, hugverkarétti, Evrópurétti og þjóðarrétti. Að auki hefur nemendum verið falið að takast á við margs konar verkefni sem tengja námið þeim veruleika er biður þeirra að námi loknu. Í meistaranáminu er boðið upp á starfsnám hjá innlendum og erlendum fyrirtækjum og stofnunum, en námið er einnig opið öðrum en þeim sem hafa lokið BA-gráðu í lögfræði.

- mhg

● **UMSÓKNARFRESTUR HÁSKÓLANNA** Á Íslandi eru átta háskólar sem bjóða upp á fjöldann allan af námsbrautum. Umsóknarfrestur flestra þeirra nær fram í júní en margir biðja um umsóknir sem fyrst og lofa auknum líkum á háskólavist ef umsóknin er fljót í húsi. Hér á eftir fer listi yfir háskólana átta og umsóknarfrest í grunnám þeirra. Umsóknarfrestur í framhaldsnám er liðinn í flestum skólanna en í sumum rennur hann út í vikunni. Það er þó mjög mismunandi milli skóla og jafnvel milli deilda innan skólanna:



Menntaskólanemendur klára brátt stúdentspróf sín og margir þeirra stefna á háskólanám.

Kennaraháskóli Íslands: Umsóknarfrestur í grunnám er til 18. maí.

Háskóli Íslands: Umsóknarfrestur í grunnám er til 5. júní.

Háskólinn í Reykjavík: Almennur umsóknarfrestur er til 31. maí.

Háskólinn á Bifröst: Miðað er við að umsóknir um stað- og fjarnám hafi borist í seinasta lagi 10. júní ár hvert en 15. maí fyrir meistaranám.

Háskólinn á Hólum: Frestur til að sækja um skólavist rennur út 1. júní.

Háskólinn á Akureyri: Umsóknarfrestur í grunnám í öllum deildum, fjarnám og staðnám, er til 5. júní.

Landbúnaðarháskólinn: Umsóknarfrestur er til 4. júní.

Listaháskóli Íslands: Umsóknarfrestur er liðinn.

Nútímalegt nám við HA

Nútímafræði er þverfaglegt BA-nám í hugvísindum við Háskólann á Akureyri sem dregur nafn sitt þeim hugmyndaheimi hóf að mótast á Vesturlöndum á 18. öld.

„Námið hófst haustið 2000 og er aðeins í boði á Akureyri. Áherslusviðin eru sex og hafa verið í þessari mynd síðastliðin tvö ár,“ segir Sigurður Kristinnsson, umsjónarmaður nútímafræði við Háskólann á Akureyri.

Nútímafræði er þverfaglegt hugvísindanám með vali innan félags- og hugvísinda. Áherslusviðin sex eru: hugvísindi, Austur-Asíufræði, samfélags- og hagþróunarfræði, félagsvísindi, lögfræði og fjölmiðlafræði.

Að sögn Sigurðar hentar námið vel fyrir þá sem hafa fjölbreytt áhugamál og vilja síður hengja sig í eitt fag.

„Þetta er einstaklingsmiðað nám þar sem fjölbreytileikinn er í fyrirrúmi. Það eru engir tveir nútímafræðingar með nákvæmlega sama nám að baki þrátt fyrir að grunnurinn sé hinn sami,“ segir Sigurður.

Nemendum er gefinn kostur á að móta eigin námsleið að miklu leyti og geta til dæmis blandað saman jafn ólíkum fögum eins og sálfræði, ítölsku og kínversku.

Fagið er tiltölulega nýtt en hefur verið kennt í erlendum háskólum síðastliðinn einn og hálfan áratug að sögn Sigurðar. Erlendis nefnist fagið Modernity studies og dregur nafn sitt af lífsháttum og menningu



Sigurður Kristinnsson, umsjónarmaður nútímafræðinnar við Háskólann á Akureyri, segir fagið henta vel fyrir fólk með fjölbreytt áhugamál.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

sem ruddi sér til rúms á 18. öld. Í Skotlandi er fagið einnig kennt í grunn- og framhaldsskólum, en er þá sambærilegt samfélagsfræði sem kennd er á Íslandi.

Nútímafræðingarnir fara víða í samfélaginu eftir nám og meðal þeirra er núverandi bæjarstjóri Akureyrar, Sigrún Björk Jakobsdóttir.

„Sumir nútímafræðingar kenna í framhaldsskólum. Greinar eins og sögu, heimspeki, bókmenntir, félagsfræði og jafnvel sálfræði. Þetta fer eftir því hvaða áherslusvið þeir hafa valið í náminu. Aðrir fara í ýmis sérfræðistörf út af að-

ferðafræði þekkingar eða stjórnunarstörf innan menningar- og menntageirans,“ segir Sigurður.

Árlega hafa tíu til fimmtán manns komist að í fræðinni þar sem flestir eru upp úr tvítugu. Að sögn Sigurðar er þetta alltaf þéttur og samheldinn hópur sem á það sameiginlegt að vera með fjölbreytt áhugamál.

Áframhaldandi nám fer eftir áherslusviði, en Sigurður nefnir sem dæmi nemendur sem hafa farið í framhaldsnám í félagsfræði og friðarfræðum við Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

rh@frettabladid.is

Persónulegt og heimilislegt

Halla Kjartansdóttir er nemi á náttúru- og umhverfisbraut við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. „Ég er á línu sem heitir Almenn náttúrufræði og er þverfaglegt nám því þar lærum við plöntufræði, dýrafræði, jarðfræði og fleira,“ segir Halla og bætir því við að brautin sé mjög skemmtileg og þar fái hún innsýn í marga þætti náttúrufræðinnar.

„Það er alveg frábært að vera í Háskólanum á Hvanneyri og tengslin við Rannsóknastofnun landbúnaðarins, eða Rala, gera þetta enn meira spennandi,“ segir



Halla Kjartansdóttir er hestánægð með námið og dvölina á Hvanneyri en þar er hún að ljúka öðru ári á náttúru- og umhverfisbraut.

MYND/ÁSKELL ÞÓRISSON

Halla. „Bekkirnir eru frekar litlir og þess vegna verða samskiptin mjög persónuleg og heimilisleg auk þess sem kennararnir eru mjög ferskir og vel upplýstir. Það er ekkert mál að fá samtalið við kennara eða námsráðgjafa því það er svo góður aðgangur að fagfólkinu,“ bætir hún við og tekur fram að það sé rosalega gott fólk í skólanum og frábært félagslíf. „Ég er að klára annað árið mitt í skólanum og finnst ofsalega skemmtilegt að vera nemandi í Landbúnaðarháskólanum,“ segir Halla hress í bragði.

- sig

Náðu forskoti með okkur í sumar!

“Ég sexfaldaði lestrarhraða minn á 3 vikum!
Frábært!”

Guðjón Bergmann, 34 ára rithöfundur, f yrirlesari og jógakennari.

“Ykkur að þakka mun ég rúlla upp samræmdu prófunum.”

Jökull Torfason, 15 ára nemi.

“Þetta mun nýtast mér alla ævi.”
Jóhanna Helga, 15 ára grunnskólanemi.

“Snilldarnámskeið..kom skemmtilega á óvart hversu miklum hraða ég náði.”

Guðbjörg Jónsdóttir, 40 ára Framhaldsskólakennari.

“...á eftir að spara mér hellings tíma af námsbókalestri.”

Ragna Björk Ólafsdóttir, 17 ára nemi og golfari.

“Loksins sé ég fram á það að geta klárað lesbækur fyrir próf”

Elín Björk Jónsdóttir, 15 ára nemi.

Skráning á sumarnámskeið Hraðlestrar skólans er hafin á www.h.is og í síma 586-9400

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviþyngið, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.



HRAÐLESTRARSKÓLINN

Mikilvægasta líffæri mannsins

tómstunda- og félagsmálafræði

grunnskólakennarafræði

íþróttá- og heilsufræði

sérkennslufræði

leikskólakennarafræði

menntunarfræði

þroskapjálfa- og fötlunarfræði

kennsluréttindanám

stjórnunarfræði menntastofnana

>> Grunnám

B.Ed. nám í grunnskólakennarafræði
B.Ed. nám í leikskólakennarafræði
B.Ed. nám í íþróttufræði
B.S. nám í íþróttufræði
B.A. nám í þroskapjálfafræði
B.A. nám í tómstunda- og félagsmálafræði
Kennsluréttindanám

>> Framhaldsnám

M.Ed. nám í menntunarfræði
M.Ed. nám í stjórnunarfræði menntastofnana
M.Ed. nám í sérkennslufræði
M.Ed. nám í íþróttá- og heilsufræði
M.Ed. nám í þroskapjálfa- og fötlunarfræði
M.Ed. nám í tómstunda- og félagsmálafræði
M.A. nám í menntunarfræði
M.S. nám í íþróttá- og heilsufræði
Ph.D. nám í menntunarfræði
Kennsluréttindanám

Heilinn er mikilvægasta líffæri mannsins

Taktu þátt í uppbyggingu hans og hafðu áhrif á hugmyndir, hugsjónir, skoðanir og viðhorf næstu kynslóða. Með því að sækja um í Kennaraháskólanum gætir þú öðlast þau forréttindi að fá að laða það besta fram í fólki og nauðsynlegt er að til þess veljist hæfileikaríkir einstaklingar.

Umsóknarfrestur um grunnám er til **18. maí**.
Hægt er að sækja um rafrænt á www.khi.is



>> Kennaraháskóli Íslands
sími 563 3800 > www.khi.is

Háskóli lífs og lands

Umsóknar-
frestur um
skólavist
fyrir
skólaárið
2007-8
er til 4. júní

Hennar Háttign - www.laigvis.is

Háskóla- nám

- Búvísindi
- Hestafræði
- Náttúru- og umhverfisfræði
- Skógfræði og landgræðsla
- Umhverfis- skipulag



Hvanneyri · 311 Borgarnes
Sími 433 5000

www.lbhi.is

Fleiri greinar í boði en áður

Við Listaháskóla Íslands er unnið að uppbyggingu á nýju námi og list- og menningarrannsóknunum. Fyrirhugað er að bjóða upp á meistaranám á næstu árum fyrir listamenn og fræðimenn í myndlist, hönnun/arkitektúr, tónlist og leiklist og er þá margt óupptalið.

„Þegar hafa skref verið tekin í átt að þessum breytingum,“ segir Anna Kristín Ólafsdóttir, forstöðumaður háskólaskrifstofu Listaháskóla Íslands. „Við ætlum að lengja diplómanám í nútímadansi, sem við byrjuðum með fyrir tveimur árum í samstarfi við Íslenska dansflokkinn, úr einu ári upp í þrjú ár. Þetta verður í fyrsta sinn sem listdans er kenndur til fullrar háskólagráðu hérlandis, sem er mjög mikilvægt fyrir danslistina á Íslandi. Gagnstætt þeim sem hyggja á framhaldsnám í klassískum dansi, munu nemar í nútímadansi eiga kost á að sækja framhaldsmenntunina hérlandis.“

Anna Kristín bendir á að tónsmíðabrautinni hafi enn fremur verið breytt á undanförunum árum og fleiri námsleiðir í boði en áður. „Búið er að fjölga greinum innan deildarinnar. Nú er hægt að velja

um almennar tónsmíðar, nýmiðla, kvikmynda- eða sviðstónlist og upptökustjórn. Breytingin hefur vakið mikla ánægju, sem sést á því að sífellt fleiri sækja um í tónsmíðar.“

Þá mun Listaháskólinn bjóða áfram upp á fræði og framkvæmd innan leiklistardeildar, sem farið var að kenna fyrir tveimur árum að sögn Önnu Kristínar. „Þetta er þriggja ára nám til BA-gráðu, blanda af fræðilegu og hagnýtu námi, ætlað öllum sem koma nálægt leiklist svo sem leikstjórum, -skáldum og dramatúrgum nema leikurum. Námið er hugsað sem undirbúningur fyrir meistaranám í einhverju af þessum fögum. Brautirnar eru því orðnar þrjár innan leiklistardeildarinnar, þetta nám, dansinn og leiklistin, og verða nemendur teknir inn annað hvert ár. Inntaka verður næst vorið 2008.“

Anna Kristín bætir við að á stefnuskránni sé að bjóða upp á meistaranám fyrir kennara í menntunarfræðum lista, þverfaglegt meistaranám og kvikmyndanám til BA-prófs auk meistaranáms í öðrum deildum skólans. Skáldabraut, ljósmyndanám, leikhúshönnun, kirkjutónlistarnám, fjölmiðlanám, skartgripahönnun og sumarskóli séu líka á meðal þess sem er í skoðun.

roald@frettabladid.is



Anna Kristín Ólafsdóttir, forstöðumaður háskólaskrifstofu Listaháskóla Íslands, sést hér í Jarðhúsunum, Artúnsbrekku, þar sem útskriftarsýning Listaháskóla Íslands verður opnuð laugardaginn 12. maí kl. 14.00. Sýningin stendur til 26. maí og er opin alla daga frá 12.00 til 18.00. Aðgangur er ókeypis. FRÉTTABLAÐIÐ/VIHELM



Rebekka Rán Samper segir grunnnámið HHS vera að sækja mjög í sig veðri við Háskólann á Bifröst en það er samsett nám í heimspéki, hagfræði og stjórnmálafræði.

Frumgreinar í fjarnámi

Við Háskólann á Bifröst hefur verið boðið upp á frumgreinarnám undanförunum árum fyrir þá sem hafa verið lengi utan skóla eða ekki lokið við stúdentspróf.

„Næsta vetur munum við í fyrsta sinn bjóða upp á nám við frumgreinadeild í fjarnámi,“ segir Rebekka Rán Samper, markaðsstjóri skólans. „Við erum með mjög öflugra frumgreinadeild í staðnámi en þetta er í fyrsta skipti sem við bjóðum upp á það í fjarnámi svo nú eiga allir að geta átt annað tækifæri í lífinu. Það er sama hvar fólk er á landinu eða í heiminum því það þarf ekki að vera fyrir framan tölvuna á ákveðnum tímum. Það er hægt að hlusta á fyrirlestrana eins oft og maður vill, aftur og aftur,“ bætir Rebekka við

en hún segir þá hafa forgang í deildir skólans sem hafa lokið frumgreinadeildinni. „Fólk kemur þaðan mjög vel undirbúið og hefur staðið sig mjög vel þótt námið taki aðeins einn vetur.“

Rebekka segir skólann bjóða upp á mjög spennandi nám í grunnnáminu sem heitir HHS. „Það er hannað að enskri fyrirmynd og stendur fyrir heimspéki, hagfræði og stjórnmálafræði. Námið veitir skarpa innsýn í þjóðfélags- og stjórnmál enda sameinum við kosti þriggja greina,“ segir Rebekka og bætir því við að námið hafi gefið mjög góða raun og sé eftirsótt. „Þetta er mjög spennandi kostur fyrir ungt fólk sem vill opna margvíslega möguleika.“

- sig

Fagháskóli í farvatninu

„Fjöltekniskólinn er í raun og veru framhaldsskóli en er með nám sem nær upp á háskólastigið og við kennum á því stigi líka,“ segir Jón B. Stefánsson, skólameistari Fjöltekniskólans. „Við höfum verið að bjóða upp á diplómanám fyrir fólk sem útskrifast úr starfsetngdu námi en það er tveggja ára nám á háskólastigi. Það má því segja að við séum nokkurs konar millistig á milli framhaldsskóla og háskóla,“ bætir hann við.

Jón segir að í raun sé Fjöltekniskólinn að byrja með fagháskóla en slíka skóla vanti hér á landi. „Diplómanámið hentar mjög vel fyrir einyrkja sem hafa stofnað fyrirtæki í

kringum sína starfsgrein en hafa ekki nám eða reynslu að baki í rekstri. Það þarf að þekkja dálítið af lögfræði, viðskiptafræði, bókhaldi, hagfræði og svo framvegis.“

Diplómanámið er nú kennt í sjávarútvegsfræðum en kjósi fólk að ljúka BS-gráðu er hægt að halda náminu áfram, til dæmis frá Háskólanum á Akureyri sem er í samstarfi við Fjöltekniskólann.

„Fyrir utan diplómanámið í sjávarútvegsfræðum sem er á háskólastigi erum við líka með flugsólann á háskólastigi en til að verða atvinnuflugmaður þarf að vera með stúdentspróf og því flokkast námið undir háskólastig,“ segir Jón.

- sig



Jón B. Stefánsson skólameistari segir Fjöltekniskólann vera framhaldsskóla sem teygir sig upp á háskólastigið. Stefnt er að því að gera skólann að fagháskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

www.unak.is



Skólabærinn Akureyri

- Ókeypis í strætó
- Engir stöðumælar
- Listasafnið og leikhúsið
- Hlíðarfjall og Akureyrlaug
- Skautahöllin og Kjarnaskógur
- KA og Þór
- Flottar líkamsræktarstöðvar
- Veitingastaðir, kaffihús og skemmtistaðir
- Góðir leik-, grunn- og framhaldsskólar

Kynntu þér þér nám til fyrstu háskólagráðu við Háskólann á Akureyri. Námskrár, kynningarefni og umsóknareyðublöð eru á www.unak.is.

Félagsvísinda- og lagadeild

- Fjölmíðlafræði
- Sálfræði
- Samfélags- og hagpróunarfræði
- Nútímafræði
- Lögfræði
- Þjóðfélagsfræði

Viðskipta- og raunvísindadeild

- Viðskiptafræði
- Líftækni
- Sjávarútvegs- og fiskeldisfræði
- Tölvunarfræði
- Umhverfis- og orkufræði

Heilbrigðisdeild

- Hjúkrunarfræði
- Iðjuþjálfunarfræði

Kennaradeild

- Grunnskólakennarafræði
- Leikskólakennarafræði

Í öllum deildum er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér fræðileg vinnubrögð, færni við heimildaöflun, sjálfstæði í vinnubrögðum og skapandi og gagnrýna hugsun. Nemendur vinna bæði einstaklings- og hópverkefni og kynna niðurstöður fyrir samnemendum, kennurum og öðrum áheyrendum.

www.unak.is



**UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 5. JÚNÍ**

Skilar fólki út á allar brautir atvinnulífsins

„Við verðum með spennandi nýjungar hjá hugvísindadeild næsta ár, meðal annars nám í kínversku, en japanska er þegar kennd við deildina,“ segir Guðrún Birgisdóttir, alþjóða- og kynningafulltrúi hugvísindadeildar Háskóla Íslands.

„Kínverskan heyrir undir Austur-Asíufræði, þar sem fjallað verður um sögu, samfélag og menningu Kína, Japans og Kóreu-ríkjanna tveggja. Þetta er búbot fyrir þá sem vilja komast inn í tungumál og menningu heimshluta sem er ráðandi í viðskiptaheiminum í dag.“

Að sögn Guðrúnar stendur til að fjölga tungumálum við deildina enn frekar, með því að bjóða aftur upp á rússnesku eftir hlé. „Margir halda að lítið gagn sé af því að kunna rússnesku þar sem fáir tali hana,“ útskýrir hún. „Þetta er hins vegar algjör misskilningur þar sem hvorki meira né minna en 145 milljónir manna hafa hana að móðurmáli. Hún hefur því ótvírátt notagildi.“

Fyrir utan þessar nýjungar segir Guðrún fullt af spennandi námi við hugvísindadeild. „Hagnýt menningarmiðlun á framhaldsstigi er gott dæmi, en hún var kennd á síðasta ári og naut þá mikilla vinsælda. Þetta er 45 eininga meistaranám sem er kennt innan sagnfræði- og fornleifafræðiskorar. Saga og menning eru tengd saman í náminu og nýjar leiðir í rannsóknum og miðlun þekkingar opnaðar fyrir nemendum. Áhersla er lögð á að nemendur ljúki miðlunarverkefnum og kunni skil á fjölbættri framsetningu á efninu. Möguleikar hugvísindafólks í miðlum og fræðum eru því margir. Nám við deildina er tvímælalaust gagnlegt. Það elur á vönduðum vinnubrögðum og skilar fólki út á allar brautir atvinnulífsins.“

roald@rettabladid.is



Guðrún Birgisdóttir segir ýmsar spennandi nýjungar á boðstólum í hugvísindadeild við Háskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skammur líftími skrautfiska nýttur til rannsókna

Fiskeldisdeildin við Hólaskóla hefur fært út kvíarnar á síðustu árum bæði í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Sjávarfræðasetrið Verið á Sauðárkróki er til vitnis um það.

„Nemendur okkar fá að kynnst nýjungum í fiskeldi og líffræði því þeir taka virkan þátt í rannsókn- og þróunarstarfi. Þannig búum við þá undir fjölbreytt störf á þessu sviði sem er mjög vaxandi í okkar þjóðfélagi,“ segir Bjarni Kristófer Kristjánsson, sérfræðingur við fiskeldis- og fiskalíffræðideildina á Hólum. Sjálfur er hann í doktorsnámi í fræðunum. Hann bætir því við að boðið sé upp á sameiginlegt BS-nám í sjávar- og vatnalíffræði á Hólum með líffræðiskor Háskóla Íslands, auk þess sem unnt sé að bæta við bæði meistara- og doktorsnámi á Hólum.

Fiskeldisdeildin við Hólaskóla hefur verið við lýði í áratugi en þróast ört nú á síðustu árum og er sú eina sinnar tegundar á landinu. Í Sjávarfræðasetrinu Verinu á Sauðárkróki er þrýðis aðstaða til rannsókna og kennslu í uppgerðu frystihúsi við höfnina því eftir að deildin tók yfir fiskeldisbraut Há-



Bjarni er í fiskifræðunum af lífi og sál eins og sjá má.


skólans á Akureyri hefur hún stóru rannsóknarstarf og sérhæfingu. En hvað er helst verið að rannsaka? Bjarni Kristófer svarar því. „Við höfum til dæmis verið að þróa fóður til notkunar í fiskeldisstöðvum. Upphaflega var einungis notað fiskimjöl en verðið á því er hátt og hér hafa farið fram tilraunir með að blanda það jurtamjöli, til dæmis úr repju. Það hefur komið vel út og lækkað verulega kostnaðinn við fiskeldi.“

Fjölmargin bleikjueldisbændur á landinu hafa fengið sína fiska

upphaflega frá Hólum enda hefur bleikjan þar verið kynbætt og þróuð gegnum árin. Bjarni er því spurður hvort aðaláherslan sé enn á bleikjuna. „Það er rétt, við einbeittum okkur lengi vel að bleikju en nú höfum við bætt þorski og lúðu við. Svo erum við alltaf með hornsli og líka skrautfiska. Þeir síðastnefndu hafa svo stuttan líftíma að við getum gert á þeim rannsóknir á mánuði sem annars tækju ár ef þær væru gerðar á þorski.“

gun@rettabladid.is

INNDRITUN



Umsóknarfrestur í grunnnám er til 5. júní

Allt sem þú vilt vita og rafrænar umsóknir á www.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is



Dr. Tómas Gunnarsson við jaðranmerkingar á Holtsgangi í Öfundarfirði.

MYND/BÓDVAR ÞÓRISSON

Fuglafræði við bjargið

Látrabjarg verður vettvangur sumarnámskeiðs í fuglafræði sem Háskólasetur Vestfjarða heldur dagana 25. til 29. maí. Martha Lilja Marthensdóttir Olsen er þjónustu- og kennslustjóri.

„Á námskeiðinu verður fjallað um atferlisrannsóknir og atferlisgerðir fugla, samskipti einstaklinga, fuglamerkingar og söfnun lífsýna, svo nokkuð sé nefnt. Þetta er frábært tækifæri fyrir fólk að dvelja við eitt mesta fuglabjarg Evrópu að læra af helstu fuglafræðingum landsins,“ segir Martha Lilja Marthensdóttir, þjónustu- og kennslustjóri við Háskólasetur Vestfjarða. Hún telur upp sem kennara tvo doktora í dýrafræði, þá Tómas Gunnarsson, forstöðumann Háskólaseturs Snæfellsness, og Þorleif Eiríksson, forstöðumann Náttúrustofu Vestfjarða, og líffræðingana Bóddvar Þórisson og Hildi Halldórsdóttur.

Martha segir námskeiðið opið bæði lærðum og leikum og tekur fram að það gefi einingar við líffræðiskor Háskóla Íslands.

Hópurinn mun hafa aðsetur í ferðaþjónustunni í Breiðvík og þar verða kennslustundir eftir úti-veru dagsins.

Nánari upplýsingar eru á www.hsvest.is



„Frábært tækifæri fyrir fuglaáhugamenn,“ segir Martha um námskeiðið sem fram undan er.

Gríptu tækifærið!



Frumgreinadeild gefur þér nýtt tækifæri í lífinu

Deildin er ætluð þeim sem ekki fullnægja inntökuskilyrðum um stúdentspróf og öðrum þeim sem vilja styrkja umsókn sína um nám í Háskólanum á Bifröst með eins árs undirbúningi í grunnfögum. Nám í frumgreinadeild er góð leið fyrir þá umsækjendur sem hafa verið frá námi í langan tíma.

Frumgreinadeild í fjarnámi

Háskólinn á Bifröst býður nú í fyrsta sinn upp á frumgreinadeild í fjarnámi. Nú gefst fólki sem ekki hefur tök á því að flytjast búferlum að ljúka námi úr frumgreinadeild Háskólans á Bifröst. Sérstaða námsins er meðal annars sú að nemendur geta stjórnað tíma sínum að fullu sjálfir og eru ekki háðir fjarfundarbúnaði eða símenntunarmiðstöðvum. Allir fyrirlestrarnir eru aðgengilegir á vef skólans og geta nemendur nálgast þá hvar og hvenær sem er. Tvisvar á önn hittast nemendur á vinnuhelgum á Bifröst þar sem þeim gefst tækifæri að kynnast og taka þátt í lifandi umræðum með kennurum.

Frumgreinadeild í staðnámi

Kennslan fer fram með fyrirlestrum, umræðutímum og verkefnum. Verkefnavinna nemenda er þungamiðjan í náminu. Verkefni eru ýmist einstaklingsverkefni eða hópverkefni. Nemendur skila 1 verkefni á viku í sérhverri námsgrein, sem gerir 5-6 verkefni að jafnaði í viku hverri. Vikuleg verkefni nemenda vege 60% af lokaeinkunn en lokapróf 40%. Kennslugreinar eru: viðskiptaenska, stærðfræði, bókhald, upplýsingatækni, hagfræði, lögfræði, íslenska og danska sem lagamál.

Umsóknafrestur í frumgreinadeild er til 10. júní 2007

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



HÁSKÓLI 21. ALDARINNAR



FABRIKIAN 2007

Nám við Háskólann í Reykjavík er dýrmætt veganesti fyrir þá sem vilja öðlast góða menntun og starfa í fremstu víglínu atvinnulífsins.

Háskólinn í Reykjavík er eftirsóttur. Þeir sem útskrifast úr skólanum hafa öðlast skilning á íslensku atvinnulífi og samfélagi. Þeir hafa kynnst alþjóðlegu samstarfi og fengið innsýn í framtíðina í gegnum brautryðjandi rannsóknir.

Háskólinn í Reykjavík er í forystu hvað varðar þjónustu við nemendur og öll aðstaða til náms er framúrskarandi.

Nemendur HR geta sótt námskeið í u.þ.b. 100 skólum í rúmlega 20 löndum.

Ef þú vilt undirbúa þig fyrir framtíðina, læra og þroskast í skemmtilegu, skapandi og krefjandi umhverfi þá er Háskólinn í Reykjavík fyrir þig. Öflug menntun og skýr framtíðarsýn leggur grunninn að bjartri framtíð.

Tækni- og verkfræðideild

Tækni- og verkfræðideild HR er ein af stærstu háskóladeildum landsins. Þar er lögð áhersla á að veita tæknifólki og stjórnendum framtíðarinnar afburða háskólamenntun. Ennfremur er mikið lagt upp úr því að nemendur geti, sjálfstætt eða í samstarfi við fræðimenn í fremstu röð, stundað öflugar rannsóknir og sinnt nýsköpunar- og þróunarstörfum í tæknifræði, tölvunarfræði og verkfræði. Þeir sem mennta sig í þessum greinum eiga stóran þátt í velgengni margra íslenskra fyrirtækja á alþjóðamarkaði.

Viðskiptadeild

Viðskiptafræðinámið í Háskólanum í Reykjavík er góður undirbúningur fyrir mikla ábyrgð í atvinnulífinu. Það gefur duglegum námsmönnum tækifæri til að ná langt í starfi og er um leið góður undirbúningur fyrir framhaldsnám í viðskiptafræði. Framtíðarsýn viðskiptadeildar er: Að vera fyrsta val fólks sem vill læra viðskiptafræði á Íslandi. Að vera fyrsta val fyrirtækja og stofnana sem vilja ráða afburðafólk til starfa sem hefur viðskiptamenntun.

Lagadeild

Við lagadeild Háskólans í Reykjavík er í boði metnaðarfullt og nútímalagt lagánám sem miðar að því að útskrifaðir nemendur verði framúrskarandi lögfræðingar og í fremstu röð á sínu sviði. Lagadeild HR er brautryðjandi í nútímavæðingu lagánáms hér á landi, hvort sem litið er til skipulags námsins eða kennsluáferða. Vorið 2007 útskrifar lagadeild fyrstu laganemana með fullnaðarpróf í lögfræði eftir fimm ára grunn- og meistaranám.

Kennslufræði- og lýðheilsudeild

Kennslufræði- og lýðheilsudeild býður nýtt og spennandi nám fyrir fagfólk, sem vinnur að því að mennta börn og ungmenni, efla þroska þeirra, heilsu og velferð. Námið er ætlað þeim sem vilja vinna að velferð einstaklinga í samfélaginu, svo sem í félags- og heilbrigðisþjónustu og þeim sem vilja afla sér kennsluréttinda og vinna innan skólakerfisins. Meginmarkmið deildarinnar er að hafa áhrif á menntun og heilsu þjóðarinnar. Við deildina er boðið upp á nám á fjórum sviðum: Lýðheilsufræði, stærðfræði, íþróttufræði og kennslufræði.

Kynntu þér nám í HR á www.hr.is

Umsóknarfrestur er til 31. maí.



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 • www.hr.is

flokkssystemkinn



kraftmikill smábíll, þenu eldsneyti. Hann er afbrigðum þýður. Ólafur Þorgeirsson, sem situr í vagninum, formanni er sérstakan útbúnað. Þessar allar torfærur sem á milli eru engin fyrirstaða þar undir bílinn. Hægt er að ber undir. Farþegurinn sér landið úr flutningstæki þrýða sér ljóð og lag. Í bílnum öllu. Hvert ferð bílsþví hann getur tekið jafnvel tekið krappa t en ferðinni var upp vegi hans sem huga

HLÝR OG NOTALEGI FRAKKINN JÓN

„Jón Sigurðsson er sú vara á pólitíska markaðnum sem er bæði sjaldgæf og vönduð en þrátt fyrir það möguleg almenningseign.“ Þannig lýsir Óskar Bergsson, kosningastjóri Framsóknar í Reykjavík, formanni síns flokks. „Ég sem sölumaður vörunnar hef sannfæringu fyrir því að ég er að bjóða upp á vandaða vöru sem enginn verður svikinn af. Jón er vörumerki sem hefur verið lengi í framleiðslu án þess að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á henni. Kasmír ullarfrakki er það sem kemur upp í hugann. Hlýr og notalegur og stenst vel tímans tönn. Í því sambandi er rétt að minna fólk á að varast ódýrar eftirlíkingar.“

TRAUSTI JEPPINN GUÐJÓN ARNAR

Guðjón Arnar Kristjánsson er traustasti stjórnmálaforingi sem völ er á, að mati Brynjars Sindra Sigurðssonar, kosningastjóra Frjálslynda flokksins. „Heiðarleiki, sanngirni og réttlæti eru mannkostir sem þrýða Guðjón Arnar. Honum er mjög umhugad um velferð fólksins í landinu og er einn ötulasti baráttumaður í málefnum aldraðra og öryrkja á Alþingi. Að líkja manningum við hlut eða vöru er ekki einfalt mál. Traust jeppabifreið fer kannski næst því. Traust jeppabifreið bregst þér ekki, hvernig sem aðstæður kunna að vera. Traust jeppabifreið er þyngdar sinnar virði í gulli eins og Guðjón Arnar Kristjánsson.“

TRAUSTA OG ÖRUGGA FASTEIGNIN GEIR

„Geir væri fasteign, traust og örugg fjárfesting.“ Þannig lýsir Jóhanna Pálsdóttir, starfsmaður Sjálfstæðisflokksins í kosningabaráttunni, formanni sínum. „Hann væri björt og hlýleg eign á góðum stað þar sem stutt er í alla þjónustu, góða skóla og frjálsa verslun. Fasteignin er byggð árið 1951 á traustum grunni og hefur verið vel við haldið. Innréttingar eru upprunalegar – sígildar – og einstaklega góður andi er í húsinu. Hér er á ferðinni eign fyrir þá sem gera kröfur og vilja gæði í gegn.“

„Sumir segja að ómögulegt sé að líkja stjórnmálamönnum við hverja aðra vöru. En það er líka hægt að segja að lyf séu ekki eins og hver önnur vara eða að háskólanám sé ekki eins og hver önnur vara. Að lokum kemst maður að þeirri niðurstöðu að hver vara hefur sína sérstöðu. Þá getur maður alveg eins litið svo á að sérstaða stjórnmálamanna sé þau skilaboð sem þeir þurfa að koma til kjósenda.“

vörur við eins mikla vörumerkjahollustu og stjórnmálaflokkar. Kjósendur eru íhaldssamir og skipta helst ekki um flokk ef þeir hafa fundið sinn samastað.

Að mati Þórhalls er margt í kynningarfræðunum sem stjórnmálaflokkarnir hafa tileinkað sér. Hins vegar þykir honum ýmislegt mega betur fara. „Stjórnmálaflokkarnir einbeita sér of mikið að því að selja sig rétt fyrir kosningar. Þeir eru ekkert sérstaklega markaðslega sinnaðir þess á milli.“

Í vor stóð Þórhallur fyrir rannsókn á skynjun fólks á stöðu og sérstöðu stjórnmálaflokkanna. Þar kom glögglega í ljós að almenningur treysti ekki stjórnmálamönnum. „Í þeirri könnun var spurt hversu líklegt eða ólíklegt viðkomandi teldi að stjórnmálamaður stæði við gefin

loforð. Innan við tuttugu prósent svaraenda töldu það líklegt. Seinna í könnuninni var svo spurt hversu líklegt eða ólíklegt viðkomandi teldi að fólk almennt stæði við gefin loforð. Það töldu átta tíu prósent svaraenda líklegt. Fólk gefur sér að það sé ekki líklegt að stjórnmálamaður stæði við loforð sín. Á sama tíma keppast stjórnmálaflokkarnir við að gefa loforð.“

ÁHRIFAMÁTTUR AUGLÝSINGA OFMETINN

Þórhallur er þeirrar skoðunar að áhrifamáttur auglýsinga stjórnmálaflokka sé stórlega ofmetinn. Vafasamt sé að þakka auglýsingum þegar óákveðnum kjósendum fækkar og þeir dreifast á flokkana. „Svo virðist vera að stór hópur fólks sé búinn að ákveða hvað hann ætlar að kjósa

þrátt fyrir að hann segist vera óákveðinn í skoðanakönnunum. Það má vel vera að auglýsingarnar virki á þá sem eru í raun óákveðnir. En þeir eru örugglega færri en þeir virðast.“ Þórhallur segir nær að taka mark á því hvað fólk kaus síðast. Það gefi líklegri mynd af raunverulegum hug kjósendans. „Margir eru óánægðir með flokkinn sinn alveg fram á kosningadag og telja sig óákveðna. Þegar til kosninga kemur kjósa þeir samt gamla flokkinn því þeir hafa alltaf gert það.“

Þá segir Þórhallur stjórnmálaflokkana þurfa að átta sig betur á því til hverra þeir eiga á beina orðum sínum. „Flokkarnir eiga ekki að eyða tíma í þá sem hafa aldrei kosið þá. Engin kosningabarátta er nógu öflug til að laða þá að. Sama má segja um þá sem hafa alltaf

kosið þá. Það er óþarfi að eyða of miklu púðri í þá að öðru leyti en að viðhalda tengslunum.“ Þórhallur segir stjórnmálaflokka eiga að einbeita sér að tveimur hópum fólks. Annars vegar svokölluðum „tapanlegum“ hópi. Honum tilheyrir þeir sem kusu flokkinn síðast en eru að gæla við að kjósa aðra flokka núna. Hins vegar að „vinnanlega“ hópnum. Það er hópurinn sem kaus flokkinn ekki síðast en gæti vel hugsað sér að gera það núna. „Faglegt markaðsstarf flokkanna á að ganga út á að finna þetta fólk og eyða orkunni í að tala við það. Íslenskir stjórnmálaflokkar eru ekki búnir að ná þessu. Þeir eru alltaf að tala við alla. Það skilar litlum árangri.“

SAMNINGATÆKNI

Heiðarleiki, traust, trúnaður ... hagnaður

Í loftinu hangir eftirlitsmyndavél, stimpilkluukkan er bakvið og öðru hvoru kemur eftirlitsmaður dulbúinn sem viðskiptavinur og athugar hvort afgreiðslufólkið bjóði „góðan dag“ og „má bjóða þér poka?“

Við eigum öll erfitt með að treysta, enda krefst traust þess að við veitum höggstað á okkur. Þess vegna setjum við upp eftirlitskerfi í verslunum og sláum varnagla í samningum sem tryggja sig blaðsíðu eftir blaðsíðu með stóru og smáu lettri.

Með skilyrtum aðgerðum, ábyrgðum, tryggingum og sektum búum við til hvata eða refsingar til að koma í veg fyrir að traust okkar verði brotið. Stundum getur það verið skynsamlegt – jafnvel nauðsynlegt – en það er alltaf kostnaðarsamt.

EFTIRLIT OG FÆLNI

Afgreiðslumaðurinn sem upplifir stöðugt eftirlit mun bjóða góðan daginn og spyrja hvort þú viljir poka – en líklega ekki bjóða meiri þjónustu en það – samningamaður sem upplifir vantraust mun e.t.v. uppfylla lágmarksskilyrði samningsins en það verður erfitt að finna sveigjanlegar lausnir sem tryggja hag beggja aðila best.

Það hljómar hálf hjákátlega að vitna í vísindamenn því til stuðnings en sýnt hefur verið fram á með tilraunum (Bacharach, Guerra og Zizzo) það sem þú veist í hjarta þínu; að vantraust

kallar á vantraust á sama hátt og traust skapar traust. Samt taka fæstir að jafnaði skynsamlegar ákvarðanir um hvort þeir eigi að treysta og tilraunir (Bohnet og Zeckhauser) sýna að við setjum flest tilfinningalegt og órökstutt álag á að treysta öðrum vegna þess að við viljum forðast þá tilfinningu sem fylgir því þegar traust okkar er brotið. Við gefum ekki höggstað á okkur og missum af tækifærum til að skapa verðmæti í samningaviðræðum.

Þetta vekur upp tvær spurningar: 1) Hvernig getum við skapað traust við samningaborðið? 2) Hvernig getum við metið hvort samningsaðili okkar er traustvekjandi?

AÐ SKAPA TRAUST

Fyrsta skrefið er eins einfalt og það er áhrifaríkt; að verja tíma með samningsaðilanum.

Sú hugmynd að hitta mótaðilann aðeins þegar deilur standa yfir (í Karphúsinu!) er fullkomlega galin. Það eitt og sér að verja tíma í sama umhverfi og samningsaðilinn hefur áhrif og ef hægt er að finna sameiginlegan bakgrunn, hugmyndir, vini eða áhugamál þá hjálpar það. Ef hægt er að koma á óvart og styrkja tengsl með fundum og samkomum utan hefðbundinna fundastaða þá hjálpar það líka.

Sterkast er að leggja sig virkilega eftir því að skapa raunverulega þekkingu og skilning

á stöðu samningsaðilans – og ganga úr skugga um að hann upplifi að þú skiljir hagsmuni hans. Að skapa þá tilfinningu að viðskiptin séu til lengri tíma og að aðilar séu að einhverju marki háðir hver öðrum.

Traust sem byggist á þekkingu er frábær grunnur að samningaviðræðum og viðskiptasambandi og getur þróast yfir í traust sem byggist á samkennd. Þegar þess konar trausti er náð eiga samningsaðilar auðvelt með að gera nýja og nýja samninga sem hámarka þau verðmæti sem hægt er að skapa fyrir hvorn um sig. Þá ríkir einlægur skilningur og tilfinning fyrir þörfum samningsaðilans, gagnkvæm virðing

og vilji til að ýta undir hagsmuni hins – jafnvel þó í því felist ekki ávinningur a.m.k. til skemmri tíma. Samningsaðilar ráðast þá í gagnkvæma fjárfestingu til að uppfylla þarfir beggja og leggja áherslu á heiðarleika og ábyrgð, fremur en skilyrði og refsingar.

Næst: Hvernig getum við metið hvort samningsaðila okkar er treystandi og hvernig getum við auðveldað honum þá ákvörðun að treysta okkur?

Aðalsteinn Leifsson
lektor, kennir samningatækni og alþjóðaviðskipti í Háskólanum í Reykjavík.



MARKAÐURINN Hefur vinninginn



62% FLEIRI LESENDUR Í ALDURSHÓPNUM 18-49 ÁRA

Þegar borinn var saman lestur á Markaðnum og Viðskiptablaði Morgunblaðsins, í símakönnun Capacent janúar-febrúar 2007, kom í ljós að Markaðurinn hefur umtalsvert forskot hjá öllum aldurshópum. Fylgstu með Markaðnum alla daga vikunnar í hádegisfréttum Stöðvar 2 eða í VefTV á visir.is. Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum.



Horfðu á Markaðinn í símanum



Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2



Markaðurinn á visir.is alla daga

MARKAÐURINN - VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR

SPÁKAUPMAÐURINN

Slúður og fréttir

Þótt sumarið nálgist óðfluga býst ég ekki við neinni lögnum á markaðnum á næstunni. Ég ráðlegg reyndar engum að fara út í hana um mitt sumar þegar fjölmiðlar upplifa tóma gúrktíð. Hver gleymir látunum í Straumi-Burðarási í fyrra-sumar og SPRON-málinu fyrir nokkrum árum?

Yfirtökuáform Baugs í Mosaic Fashions og Eyjamanna í Vinnslustöðina leggjast misvel í menn og trú í því varla að öll kurl séu komin þar til grafar.

Mikið rosalega var ég ósáttur með það verð sem Baugur ætlar að borga fyrir Mosaic. Ég keypti skammt í útboðinu fyrir tveimur árum á 13,6 og fæ því bara 29 prósent ofan á það og sjö prósent ofan á síðasta viðskiptagengi. Hvernig voru aftur hin óskráðu lögmál um þrjátíu prósent yfirverð í Bretlandi?

Og ætla Binni og félagar í Eyjum að læsa Guðmund Kristjánsson og aðra hluthafa inni á verði sem er langt undir síðasta markaðsgengi?

En ég á allt eins von á því að fleiri félög verði skotsþónn „yfirtökumanna“ á árinu. Maður heyrir orðróm um að FL Group hafi boðið í Atorku Group. Beið ég ekki lengi boðanna og skellti mér á vænan skammt í Atorku.

Annars eru alls kyns sögusagnir í gangi um bankana og önnur fyrirtæki sem verður að taka með varúð. En auðvitað ber alltaf að hafa hið gamla hús-ráð spákaupmanna í hávegum að kaupa á slúðri og selja á staðreyndum.

Spákaupmaðurinn á horninu

Kínverjar kynna sér íslenskar lausnir


Sendinefnd skoðar meðal annars Reperio-afritunarlausn fyrir tölvur.

Nýverið sótti sendinefnd frá samskiptaráðuneyti Kína, CTTC, Þekkingu heim. Tilgangur sendinefndarinnar var að kynna sér ýmsar íslenskar lausnir í málaflokkum stofnunar sinnar.

Kínversku gestirnir höfðu sérstakan áhuga á nýrri afritunarlausn, fyrir borð- og ferðavélar, sem Þekking er að setja á markað. Lausnin ber nafnið Reperio, sem er latína og stendur fyrir að „finna aftur“.

Í för með gestunum var Jóhann Pétur Malmquist, prófessor við Háskóla Íslands og samstarfsaðili ráðgjafarfirmar Key West Technologies. Í fréttatilkynningu frá Þekkingu er haft eftir honum að sérstakan áhuga Kínverjanna hafi vakið hversu framfarlega Ísland er stítt í tækni á mörgum sviðum.

Það var samstarf CTTC við Key West Technologies sem leiddi sendinefndina hingað til lands. Þekking starfar einnig með því fyrirtæki. - hhs



KÍNVERSK SENDINEFND Í HEIMSÓKN Jóhann Pétur Malmquist, prófessor við HÍ, Yang Hong Yi og Liu Jia Ning, frá CTTC, Stefán Jóhannesson, framkvæmdastjóri Þekkingar, og Wu Da Wei frá CTTC.



NEMENDUR VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS Tveggja missera nám í gæðastjórnun og þjónustustjórnun er meðal þeirra nýjunga sem Háskóli Íslands býður í haust.

Nýjar námsleiðir við Háskóla Íslands

Í haust verður ný námsleið tekin upp í Háskóla Íslands. Um er að ræða þjónustustjórnun á vegum Viðskipta- og hagfræðideildar í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands. „Fjallað er um þjónustu fyrirtækja í mörgun námskeiðum innan viðskiptafræðinnar. Núna erum við búin að taka allt það efni og safna því saman í sérhæfð námskeið,“ segir Þórhallur Guðlaugsson, dósent við Háskóla Íslands. „Við teljum að mikil þörf sé á námi á borð við þetta. Styttri námskeið sem við höfum haldið í þjónustustjórnun hafa ídulega verið vel sótt. Ekki síst af einstaklingum sem eru að taka við þjónustustjórnun hjá fyrirtækjum.“

Námsleiðinni er einmitt sérstaklega beint að stjórnendum sem bera ábyrgð á þjónustu í fyrirtækjum og stofnunum, sérfræðingum sem skipuleggja þjónustuna og einstaklingum sem vilja búa sig undir stjórnunarstörf

á sviði þjónustu. Námið miðast við að nemendur geti stundað það samhlíða vinnu. Nemendur sækja sex sérhæfð námskeið á sviði þjónustustjórnunar á tveimur misserum. Eitt námskeið verður kennt í einu og það klárað áður en það næsta tekur við.

Fleiri nýjungar eru væntanlegar í Háskóla Íslands í haust. Meðal annars mun nýtt nám í gæðastjórnun hefja göngu sína. Endurmenntun og verkfræðideild HÍ standa fyrir því í sameiningu. „Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á lengra námi í gæðastjórnun, bæði hjá fyrirtækjum og einstaklingum. Námskeiðin okkar á sviði gæðastjórnunar hafa alltaf verið yfirfull og endurtekin á hverri önn,“ segir Hans Júlíus Þórðarson, kynningarstjóri hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. „Nám í gæðastjórnun hefur líka víða skírskotun og getur nýst fólki með mjög ólíkan bakgrunn.“ - hhs



Indland og Kína – nýr markaður – ný sóknarfæri

Ráðstefna verður haldin 11. maí 2007 á vegum Stjórnendaskólans og MBA náms Háskólans í Reykjavík um þau tækifæri sem íslensk fyrirtæki hafa til að hasla sér völl í ört vaxandi hagkerfum Kína og Indlands.

Aðalfyrirlesari verður Dr. Pedro Videla, prófessor við IESE viðskiptaháskólann í Barcelona, en hann er einn fremsti sérfræðingur heims í vaxandi markaðssvæðum, sérstaklega Asíu. Ráðstefnan fer fram á ensku.

Dagskrá

- | | |
|---------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 13:30 – 13:40 | Ávarp
Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson |
| 13:40 – 15:00 | Growing Importance of China and India in the World Economy
Dr. Pedro Videla, IESE Business School
Kaffihlé |
| 15:00 – 15:25 | Actavis in India and China
Jónas Tryggvason, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs í Asíu og mið- og austur Evrópu |
| 15:25 – 15:50 | Trade Facilitation for Icelandic Businesses in China and India
Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins |
| 16:15 – 16:50 | Implications for Icelandic Businesses
Pallborðsumræður með fyrirlesurum og Ásgeiri Jónssyni, forstöðumanni greiningardeildar Kaupþings |
| 16:50 – 17:30 | Léttar veitingar og ráðstefnulok |

Ráðstefnustjóri verður Aðalsteinn Leifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík

Ráðstefnan verður haldin 11. maí í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, stofu 131

Ráðstefnugjald er 23.900 krónur
Félagsmenn FVH og ÍMARK fá 20% afslátt

Skráning fer fram á www.stjornendaskoli.is, í netfangi elisabeth@ru.is eða í síma 599 6296



Samstarf hafið við MIT

Íslenskum fyrirtækjum býðst nú að sækja þekkingu í fræðasamfélag MIT-háskólans í gegnum samstarfssamning sem Háskólinn í Reykjavík hefur umsjón með í samstarfi við Samtök iðnaðarins og Viðskiptaráð.

Samstarfinu verður hleypt formlega af stokkunum með ráðstefnu í Háskólanum í Reykjavík eftir helgi. Með samstarfinu er sagt að opnast aðgangur fyrir íslensk fyrirtæki að víðtæku samstarfi, auk þess sem aðgengilegar verði upplýsingar um nýjungar, rannsóknir og verkefni sem verði sé að vinna að. „Fulltrúar fyrirtækja sem ganga inn í



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

samstarfið við HR fá einnig aðgang að sérfræðingum og geta sótt ráðstefnur, málþing og aðra viðburði sem skipulagðir eru innan ramma samstarfsins,“ segir í tilkynningu HR.

Samstarfið fer fram á vettvangi svokallaðs ILP samstarfs innan MIT en Stjórnendaskóli HR er tengiliður samstarfsins hér. - óká

Nýr yfir Klakinu

Andri Ottesen hefur tekið við framkvæmdastjórnastöðu Klaks nýsköpunarmiðstöðvar af Jóni Helga Egilssyni, sem tók við framkvæmdastjórn Seed Forum í Bandaríkjunum á dögum.

Andri hefur kennt við Háskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og Háskóla Íslands. Hann var deildarstjóri fjárlagagerðar til atvinnumála í fjármálaráðuneytinu í sex ár, markaðsstjóri Huguðar ehf. og stjórnarformaður fjölda fyrirtækja.

Andri er með doktorsmenntun í rekstrarhagfræði frá International School of Management í París, MA-gráðu frá Otaruviðskiptaskólanum í Japan,



NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI Andri Ottesen hefur tekið við af Jóni Helga Egilssyni sem framkvæmdastjóri Klaks nýsköpunarmiðstöðvar. MARKAÐURINN/GVA

MBA-gráðu frá California State University og BA-gráðu í alþjóðaviðskiptum og erlendum málum frá sama skóla. - jab


Rekstrarlög málin gilda ekki alltaf

N.Y. Knicks og L.A. Lakers eru verðmætustu félagslið NBA-körfudeildarinnar í Bandaríkjunum og jafnframt veltuhæstu félögin. Knicks skilar hins vegar mestu rekstrartapi, eða 2,6 milljörðum, og besta liðið um þessar mundir kemur þar næst á eftir. Eggert Aðalsteinsson kynnti sér rekstur félaganna.

Átta af þrjátíu liðum NBA-deildarinnar skiluðu rekstrartapi fyrir afskriftir (EBITDA) á keppnistímabilinu 2005-2006 samkvæmt úttekt viðskiptatímaritsins Forbes. Verðmæti NBA-liða og rekstrarárangur helst alls ekki í hendur því tvö af þremur verðmætustu félagsliðunum skiluðu mestu EBITDA-tapi: New York Knicks, sem er verðmætasta NBA-liðið, var með mesta rekstrartapið eða 2,6 milljarða króna og Dallas Mavericks, þriðja verðmætasta félagsliðið, tapaði 1,6 milljörðum króna.

Chicago Bulls, þriðja sigursælasta lið NBA-deildarinnar frá upphafi, skilaði mesta rekstrarhagnaði, um 3.250 milljónum króna, en aðeins Phoenix Suns og L.A. Lakers skiluðu einnig yfir tveggja milljarða „EBITDA“. Bulls er í fjórða sæti Forbes yfir verðmætustu NBA-liðin.

Heildarvelta þrjátíu NBA-liða var yfir 225 milljarðar króna leikárið 2005-2006. Himinn og haf er á milli liða frá stórborgum og smærri stöðum hvað veltu snertir. Stórborgarliðin njóta stærðarinnar í formi meiri sjónvarpstekna og herra miðaverðs en lið frá minni borgum. Þannig var velta New York Knicks um 12,4 milljarðar króna, sem var 140 prósentum hærri upphæð en hjá veltuminnsta liðinu, Portland TrailBlazers. Lakers var með um 11,1 milljarð í tekjur og velta Bulls stóð í tæpum tíu milljörðum.



STEPHON MARBURY Knicks tapaði mestum peningum á síðustu leiktíð og vegur þar mikill launakostnaður drjúgt.

Enn og aftur metur Forbes Knicks sem verðmætasta félagslið NBA-deildarinnar. Þetta gerist þrátt fyrir hörmulegt gengi Knicks á þarsíðasta keppnistímabili, innan sem utan vallar. Liðið var metið á 40 milljarða króna í fyrra, sem var níu prósent hækkun frá fyrra ári. Þrátt fyrir gríðarlegt rekstrartap er margt sem fellur til með liðinu. Það er á besta markaðssvæði NBA og Cablevision, eigandi Knicks, á gullmolann Madison Square Garden og félagið nýtur mestrar tekna af auglýsingum, sjónarpi og miðasölu. Launakostnaður Knicks, upp á 7,9 milljarða, var hins vegar mun meiri en hjá öðrum félögum og samt tapaði liðið næstflestum leikjum allra liða.

Það er aðeins tímaspursmál hvenær Lakers, annað sigursælasta liðið í sögu NBA, verður orðið verðmæt-

asta liðið, en Lakers er metið á rúma 38 milljarða króna. Ólíkt Knicks hefur Lakers hvorki tapað peningum af reglulegri starfsemi né verið aðhláturselfni innan leikvallar með Kobe Bryant innanborðs. Þrátt fyrir háa húsaleigu í Staples Center hefur stjórnendum Lakers tekist að hækka miðaverð jafnt og þétt og kostar ársmiðinn við hliðarlínuna um sjö milljónir króna.


Dallas Mavericks hefur skilað rekstrartapi svo lengi sem elstu menn muna. Samt er liðið það þriðja verðmætasta að mati Forbes og spilar þar einkum verðmætur heimavöllur og öflugt markaðsstarf stóra rullu. Mavs náði bestum árangri allra liða í NBA í vetur en féll úr leik á skammarlegan hátt í fyrstu umferð úrslitakeppinnar.

VERÐMÆTUSTU NBA-LIÐIN AÐ MATI FORBES

Félaglið	Markaðsverðmæti	EBITDA
N.Y. Knicks	39.664	-2613
L.A. Lakers	38.056	2231,1
Chicago Bulls	30.887	3249,5
Houston Rockets	29.413	1433,8
Dallas Mavericks	31.021	-1634,8
Detroit Pistons	28.743	1460,6
Miami Heat	27.403	1373,5
Phoenix Suns	27.470	2311,5
Sacramento Kings	25.393	1098,8
S.A. Spurs	26.130	783,9

OMX Nordic Exchange á Íslandi vekur athygli á breyttum uppgjörstíma hlutabréfaviðskipta

Frá og með 14. maí nk. mun afhending hlutabréfa og greiðsluuppgjör fara fram þremur virkum dögum eftir að viðskipti eiga sér stað. Hreyfingar vegna kaupa og sölu hlutabréfa verða því ekki sýnilegar á reikningum viðskiptamanna fjármálastofnana fyrr en að þremur dögum liðnum.



Greiður aðgangur erlendra aðila að íslenska markaðnum er nauðsynleg forsenda þess að hann vaxi og styrkist áfram. Því hefur OMX Nordic Exchange á Íslandi lagt áherslu á að samræma viðskiptaumhverfið því sem tíðkast á helstu mörkuðum erlendis. Breyttur uppgjörstími hlutabréfaviðskipta er enn eitt skrefið í þá átt.



FÓLK Á FERLI

ERIK DAVIDEK er nýr ritstjóri vefsvæðis Iceland Express á ensku, www.iceland-express.com. Hann hefur BA-gráðu í sögu og félagsfræði frá Eastern Michigan University auk kennsluréttinda. Hann starfaði við kennslu í fimm ár, einnig hefur hann unnið hjá Car and Driver magazine við reynsluakstur og blaðamennsku og sem ritstjóri hjá Nordic eMarketing. Í starfi vefritstjórans felst m.a. ritstjórn fréttabréfs fyrir erlenda netklúbbsmenn, umsjón með ensku blogg hjá Iceland Express og ritstjórn efnis á www.icelandexpress.com.

ÞORVARÐUR GOÐI VALDIMARSSON er nýr verkefnastjóri Express-ferða, ferðaskrifstofu Iceland Express. Hann stundaði nám í Háskólanum í Óðinsvém þaðan sem hann lauk BA-prófi í viðskiptafræði árið 2000 og meistarafráttu í alþjóðaviðskiptum 2005. Þorvarður Goði vann við markaðs- og sölustýringu hjá Come2Scandinavia í Kaupmannahöfn 2005-2006 og hjá Lífis 2006-2007. Í starfi verkefnastjórans felst m.a. skipulag og umsjón með fótboltaferðum, formúluförum, tónleikaferðum, golf ferðum og öðrum sérferðum á vegum ferðaskrifstofunnar. Express-ferðir er nýleg ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í ferðum á viðburði á áfangastöðum Iceland Express.

Sameining fréttastofa í vændum?

Breska fréttastofan Reuters staðfesti í gær að hún ætti í viðræðum við kanadíska upplýsingatækniyrirtækið Thomson Corporation, sem íhugar að leggja fram 17,6 milljarða dala, 1.117 milljarða króna, yfirtökutilboð í fyrirtækið. Gangi það eftir mun sameinað fyrirtæki fá nýtt nafn, Thomson-Reuters.

Thomson rekur meðal annars fréttaveituna AFX en hefur á þrjónunum að stækka við sig. Segir breska ríkisútvarpið að fréttastofa Reuters falli vel inn í starfsemi. Thomson sé efnilegur kaupandi. Það búi yfir góðri lausafjárstöðu og geti félögin í sameiningu orðið sterkt mótvægi við keppinaut þeirra, bandarísku fréttaveituna Bloomberg.

Orðrómur um hugsanlega yfirtöku á Reuters kom upp á föstudag og skaust gengi fyrirtækisins upp um 25 prósent í kauphöllinni í Lundúnum í Bretlandi. Af þessum sökum afréðu stjórn-



SKRIFSTOFUR REUTERS Kanadíska fyrirtækið Thomson íhugar að gera yfirtökutilboð í fréttaveituna Reuters sem heldur úti starfsemi víða um heim. MARKAÐURINN/AFP

ir beggja fyrirtækja að greina hluthöfum frá stöðu mála til að koma í veg fyrir óvissuástand. Fréttin varð til þess að hækka gengið enn frekar í dag en þá fór það upp um 6,7 prósent í kauphöllinni.

Tilboð Thomson hljóðar upp á 352,5 pens á hlut auk hlutabréfa í fyrirtækinu. Reuters metur bréfin hins vegar á 697 til 705 pens á hlut. Til samanburðar stóð það í 642 pensum á hlut í gær. - jab



FRÁ HELSINKI Hinn 20. júní næstkomandi verður formlega sett á stofn finnsk-íslenskt viðskiptaráð þar í borg.

Viðskiptaráð í Helsinki

Hinn 20. júní næstkomandi verður formlega sett á stofn finnsk-íslenskt viðskiptaráð í Helsinki. Markmið þess verður að stuðla að enn öflugri viðskiptum ríkjanna. Viðskiptaráðið mun halda utan um skipulagningu viðburða og hlutlausu upplýsingamiðlun um viðskiptaumiðverfi Íslands og Finnlands og ný viðskiptatækifæri. Kristjana Aðalgeirsdóttir arkitekt, sem búið hefur í Finnlandi í mörg ár, mun halda utan um starfsemi ráðsins.

Viðskiptaráðið er stofnað að frumkvæði sendiráðsins og í samráði við íslenska hagsmunaaðila á finnska markaðnum. „Menn hafa talað um þetta um hríð. Nú er einmitt rétti tíminn,“ segir Hannes Heimisson, sendiherra Íslands í Finnlandi. „Við höfum orðið vör við gríðarlega eftirspurn eftir

upplýsingum. Það er mikilvægt að koma á fót sjálfstæðum og óháðum vettvangi á borð við þennan. Staðreyndin er sú að margir vita ekki allt of mikið um Ísland. Þeir þekkja ekki þær breytingar sem hafa orðið á íslensku viðskiptaumiðverfi og efnahagsmálum á síðustu tíu til fimmtán árum. Við höfum því allt að vinna og engu að tapa í því að bæta upplýsingagjöfina.“

Meðal íslenskra fyrirtækja sem þegar hafa öfluga starfsemi í Finnlandi má nefna Kaupþing, Glitni og Eimskipafélagið. Þá hafa beinar fjárfestingar íslenskra félaga í finnskum fyrirtækjum einnig aukist verulega. Hæst ber hlutdeild Exista í fjármálafyrirtækinu Sampo sem vakið hefur gríðarmikla athygli í Finnlandi. - hhs

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum



Yfirtökutilboð til hluthafa í Vinnslustöðinni hf.

Eyjamenn ehf. bjóða hluthöfum Vinnslustöðvarinnar hf. að kaupa hlutabréf þeirra í félaginu

Tilboðið er sett fram vegna samkomulags Seilar ehf., Öxnafells ehf., Leifs Ársælsssonar, Kristínar Elínar Gísladóttur, Gunnars Jónssonar, Haraldar Gíslasonar, Guðrúnar Svövu Gunnlaugsdóttur, Ólafar Elínar Gunnlaugsdóttur, Ellýjar Rannveigar Gunnlaugsdóttur, Sölvahamars ehf., Lendingar ehf. og Sigurgeirs B. Kristgeirssonar (hér eftir saman nefnd „samstarfsaðilarnir“) frá 15. apríl 2007 um stjórnun og rekstur Vinnslustöðvarinnar hf. Samstarfsaðilarnir eiga samanlagt 50,04% af heildarhlutafé í Vinnslustöðinni hf. og ráða yfir samsvarandi hlutfalli af atkvæðisrétti í félaginu.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti hefur framangreint samkomulag í för með sér að samstarfsaðilunum er skylt að gera öðrum hluthöfum Vinnslustöðvarinnar hf. yfirtökutilboð. Tilboðið er sett fram í samræmi við VI. og VII. kafla laganna af Eyjamönnum ehf., kt. 480307-0700, Brimhólabraut 34, Vestmannaeyjum, (hér eftir nefnt „tilboðsgjafinn“) sem er einkahlutafélag í eigu samstarfsaðilanna.

Tilboðshafar

Tilboðið tekur til allra hluta í Vinnslustöðinni hf. sem ekki eru í eigu samstarfsaðilanna á þeim degi sem tilboðið er sett fram. Hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá Vinnslustöðvarinnar hf. við lokun markaða þriðjudaginn 8. maí 2007 munu fá sent tilboðsyfirlit, framsalseyðublað og svarsendingarumslag.

Framangreind gögn er einnig hægt að nálgast hjá fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, Reykjavík. Tilboðsyfirlitið er auk þess hægt að nálgast á vefsíðu bankans (<http://www.kaupthing.is>) og í fréttakerfi OMX/Kauphallar Íslands hf. (<http://www.omxgroup.com/nordicexchange/Markadsfrettir/Fyrirtækjatilkygningar/>).

Umsjónaraðili

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. hefur umsjón með yfirtökutilboðinu fyrir hönd tilboðsgjafans. Nánari upplýsingar veita verðbréfaráðgjafar bankans í síma 444-7000.

Tilboðsverð

Verð samkvæmt tilboðinu er 4,60 krónur fyrir hvern hlut, sem er sama gengi og var í síðustu viðskiptum í OMX/Kauphöll Íslands hf. fyrir undirritun samkomulags samstarfsaðilanna þann 15. apríl 2007 um stjórnun og rekstur Vinnslustöðvarinnar hf. Frá því að tilkynnt var um fyrirhugað tilboð í fréttakerfi OMX/Kauphöll Íslands hf. 16. apríl 2007 hefur Vinnslustöðin hf. greitt út 30% arð til hluthafa fyrir rekstrarárið 2006 og samsvarar tilboð þetta því 4,90 krónum á hlut fyrir arðgreiðslu. Tilboðsgjafinn og samstarfsaðilarnir hafa ekki greitt hærra verð fyrir hlutafé í Vinnslustöðinni hf. á síðustu 6 mánuðum áður en tilboðið er sett fram.

Gildistími tilboðs

Tilboð þetta gildir frá kl. 9:00 sunnudaginn 13. maí 2007 til kl. 16:00 mánudaginn 11. júní 2007. Verður samþykki að hafa borist umsjónaraðila fyrir lok gildistímans. Bera hluthafarnir sjálfir ábyrgð á því að samþykki þeirra berist. Tilboðsgjafinn áskilur sér rétt til að ákveða hvort samþykki, sem berast eftir að gildistími tilboðsins er liðinn, verði tekin gild.

Afskráning

Í kjölfar yfirtökutilboðsins munu tilboðsgjafinn og samstarfsaðilarnir fara fram á það við stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. að hlutabréf félagsins verði afskráð úr OMX/Kauphöll Íslands hf.



WARREN BUFFETT Annar ríkasti maður heims mun tilnefna eftirmann sinn í forstjórastól fjárfestingarfélagins Berkshire Hathaway á næstunni. MARKAÐURINN/AFP

Styttist í val á eftirmanni Buffetts

Mikil spenna var á árlegum hluthafafundi bandaríska fjárfestingarfélagins Berkshire Hathaway í Nebraska-ríki í Bandaríkjunum á laugardag en búist er við að forstjórinn aldni Warren Buffett sem í mörg ár hefur verið annar ríkasti maður heims, tilnefni eftirmann sinn á næstunni.

Fundurinn byrjaði á léttum nótum en söngvarinn Jimmy Buffett opnaði fundinn með söng. Buffett sagðist fjarskyldur áttungi milljarðamæringisins og sagði að vegna skyldleikans hefði verið ákveðið að halda forstjórastólnum innan fjölskyldunnar og því myndi hann taka við af frænda sínum. Að því loknu tók hann lag um fjárfestingar-

félagið og þau fyrirtæki sem heyra undir það.

Að söngnum loknum steig hinn 76 ára Warren Buffett á svið. Vísaði hann skyldleikanum á bug og sagðist ekki vera á förum í bráð. Buffett gerði því næst grein fyrir afkomu sjóðsins sem skilaði 2,6 milljarða dala, 165 milljarða króna, hagnaði á fyrsta ársfjórðungi, sem er tólf prósentum meira en á sama tíma í fyrra. Að þessu loknu kom Buffett að vali á forstjóra sjóðsins en hann er talinn ætla að ráða þrjá til starfars. Buffett er um þessar mundir að fara yfir umsóknir um stöðu eftirmanns síns en á milli 600 til 700 umsóknir hafa borist í hús. - jab

Atvinna.is

Sími: 552-9300

Eru starfsmannamálin í klemmu?

Láttu okkur aðstoða þig



Fyrirspurnir sendist á netfangið atvinna@atvinna.is
þar sem leitinn hefst

Hversu hátt stefnir þú?

Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir

Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.

Hinninn og hæl / SIA – 9070354




ÖRUGGA SAFNIÐ

16,1% ávöxtun

Stöðug ávöxtun, lágmarkssveiflur, lítil áhætta.

- 75% skuldabréf
- 25% hlutabréf




HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

20,8% ávöxtun

Áhersla á góða ávöxtun og áhættudreifingu, meðaláhætta.

- 50% skuldabréf
- 50% hlutabréf




ÁVÖXTUNARSAFNIÐ

24,9% ávöxtun

Meiri sveiflur, hærrí væntingar. Áhersla á góða áhættudreifingu með erlendum og íslenskum verðbréfum.

- 75% hlutabréf
- 25% skuldabréf



Kaup í þessum söfnum, sem sérfræðingar SPRON Verðbréfa hafa sett saman, miðast við að keypt sé fyrir lágmark 20.000 kr.

Miðað er við 5 milljóna kr. lágmark í Virkri sjóðastýringu. Stýringin felst í því að viðskiptavinur gefur sérfræðingum SPRON Verðbréfa heimild til þess að fjárfesta í verðbréfasjóðum eftir fyrirfram ákveðinni samsetningu sem kemur fram í vali á sjóðasafni.



Netbankinn býður viðskiptavinum sínum verðbréfabjónustu og ráðgjöf í samstarfi við SPRON Verðbréf. Þú sækir um rafrænt á www.nb.is.

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is
www.spronverdbref.is – www.spron.is eða í næsta útibúi SPRON

Allar ávöxtunartölur eru miðaðar við árið 2006. Ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð. Gengi verðbréfa getur hækkað jafnt sem lækkað.



BANKHÓLFID



Varhugaverð Búlgariublöð

Þeir eru orðnir fáir hér á landi sem þora að lesa búlgörsku dagblöðin án þess að setja upp fyrirvaralesgleraugun. Ástæðan eru þær misvísandi og oft á tíðum beinlínis röngu fregnir sem blöðin fluttu af sölu Novators, fjárfestingafélags Björgólfs Thors Björgólfssonar, á 65 prósentu hlut í búlgarska símafyrirtækinu (BTC), sem gekk í gegn í síðustu viku. Í fyrsta lagi römbuðu blöðin ekki fyrr en rétt undir lok undirskriftar á kaupsamningi hver hugsanlegur kaupandi var auk þess sem fjárhæðirnar ruku til og frá eins og lauf í vindi. Fréttaplutningur sem þessi er náttúrliga óhæfa enda setur það mikla pressu á upplýsingafulltrúa fyrirtækja, sem þurfa að hringja trekk í trekk í fjölmiðla víða um heim og leiðrétta, oft að því er virðist skáldaðar fréttir, sem farið hafa óhindrað fram.

Skrifað um glaumgösum

Nýfallinn dómur yfir forsvarsmönnum Baugs hefur vakið heldur minni athygli í erlendum fjölmiðlum en einhver kynni að hafa vænt. Þannig er töluvert meira fjallað um yfirtökutilboð Baugs í hlutabréf Mosaic Fashions og mögulega afskráningu af markaði. Berlingske Tidende gerði þó dóminn að umfjöllunarefni og titlaði Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóra Baugs „viðskiptamann og glaumgösa“ í fyrstu málsgrein og minnti á að í Danaveldi væri hann helst þekktur fyrir kaupin á Magasin, Illum, Merlin og Keops. Þá er í niðurlaginu áréttað að Jón Ásgeir sé stórtækur víðar, í Bretlandi hafi hann fest kaup á margfalt stærri verslanakeðjum en Magasin hinu danska, „á líkan máta og meðalmaðurinn keypti sér ís“. Spurning hvort þar sé fjárfestingarstefna vænleg til árangurs, eða hvort skrifin kunni að vera lituð af einhverjum fordómum?

Gúrú að koma

Hinn heimskunni fræðimaður Geert Hofstede er væntanlegur til landsins. Áralangar rannsóknir hans sýna að stjórnunarstíll er afar misjafn eftir uppruna stjórnenda. Viðskipta- og hagfræðideild HÍ stendur fyrir ráðstefnu á fimmtudaginn þar sem Hofstede verður heiðursgestur. Forvitnilegt verður að sjá hvort hann muni taka undir þær raddir að einstakri frumkvöðlameningu Íslendinga sé að þakka að útrásarvíkingum vorum gengur jafn vel og raun ber vitni.

55-60

milljarða króna söluhagnaður af hlut Novators, fjárfestingafélags Björgólfs Thors, í búlgarska símafélaginu BTC.

150

milljónir hluta á genginu 26,6 krónur á hlut sem Lárus Welding, nýr forstjóri Glitnis, fékk kauprétt að við ráðninguna.

13,8

milljarða króna hagnaður Landsbanka Íslands á fyrsta fjórðungi ársins 2007.



Gerum það rétt,
og gott betur

Gutenberg er leiðandi prentfyrirtæki á Íslandi. Við höfum yfir 100 ára reynslu í prentiðnaði og allan þann tíma höfum við lagt áherslu á að vera fremst á okkar sviði. Hver viðskiptavinur fær þá þjónustu sem hann þarfnast hjá Gutenberg. Þarfir hvers og eins eru mismunandi en þú getur verið viss um að fá úrlausn þinna mála hjá okkur.

Sköpun þín verður ápreifanleg hjá Gutenberg

Gutenberg Sími 545 4400
Suðurlandsbraut 24 Fax 545 4401
108 Reykjavík www.gutenberg.is



Hversu hátt stefnir þú?


Þrjú fjárfestingarsöfn – þrjár mismunandi leiðir
Hægt er að fjárfesta í ákveðinni leið eða vera í reglulegri áskrift.



HEFÐBUNDNA SAFNIÐ

20,8% ávöxtun

Áhersla á góða ávöxtun og áhættudreifingu, meðaláhætta.
• 50% skuldabréf
• 50% hlutabréf



VERDBRÉF Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is